Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók fátækranefndar 1894-1906

Aðfnr. 43

1. hluti: 11. janúar 1894 til 8. september 1898

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók fátækranefndar
1894
:
1906

.077.25 - .84.075.15

43

1908
1846
6.12

# Gjörðabók

fátækranefndar Reykjavíkur

Byrjuð 11. janúar 1894.

Enduð 13. September 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skjalasafn Reykjavíkurbæjar
43.

Ár 1894, fimmtudaginn 11. dag januarmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sér, og þá fyrst tekið fyrir að ákveða meðlag með ómögum og styrk með þurfamönnum.

FÁTÆKRANEFND REYKJAVÍKUR

Reykjavík 9. Marz, 1905.

Á fundi sínum í dag veitti fátækranefndin yður aðsetursleyfi í Reykjavíkurbæ frá næstkomandi krossmessu.

Þetta gefst yður hérmeð til vitundar

Kristján Jónsson
p. t. formaður nefndarinnar.

Herra Bjarni Jónsson frá Viðinesi.

| | | | Meðlag Kr. |
|---|---|---|---|
| 1. Ing[illegible] | | | 288. |
| 2. He[illegible] | | [illegible]nús í Lykkju) | 40. |
| 3. A[illegible] | | | 120. |
| 4. Gu[illegible] | | [illegible]on | 80. |
| 5. S[illegible] | | | 80. |
| 6. K[illegible] | | [illegible]ir | 150. |
| 7. S[illegible] | | | 80. |
| 8. M[illegible] | | [illegible]ir | 120 |
| 9. Gu[illegible] | | | 80. |
| 10. Sig[illegible] | | | 120 |
| 11. Jó[illegible] | | | 80. |
| 12. Sr[illegible] | | [illegible]óttir | 80. |
| 13. M[illegible] | | [illegible]tti | 80 |
| 14. Kr[illegible] | | [illegible]ðdóttir | 30. |
| 15. O[illegible] | | [illegible]ssa | 30. |
| 16. Kr[illegible] | | [illegible]i | 80. |
| 17. Sig[illegible] | | | 80. |
| 18. Magnús Magnússon | 79 | Guðlaug Oddsdóttir | 120 |
| 19. Jón Kristjánsson | 10 | Guðrún Steinsdóttir | 80 |
| 20. Guðmundur Guðmundsson | 7 | Einar Arason | 80. |
| 21. Ingiríður Einarsdóttir | 66 | Eyvindur Eyvindsson | 60. |
| 22. Steinþóra Þorsteinsdóttir | 10 | Sofía Magnúsdóttir | 40. |
| 23. Jón Johannsson | 69 | Magnús í Viðey | 50. |
| 24. Sigríður Jensdóttir | 12 | Hermann Guðmundsson | 80. |
| 25. Sigríður Olafsdóttir | 80 | Sveinn Sveinsson | 90. |
| | | | 2218 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN REYKJAVÍKURBÆJAR 43.

Ár 1894, fimmtudaginn 11. dag janúarmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer, og þá fyrst tekið fyrir að ákveða meðlag með ómögum og styrk með þurfamönnum.

## 1. Ómagar.

| Nöfn ómaganna | Aldur | Húsbændur | Meðlag kr. |
|---|---|---|---|
| 1. Ingibjörg Guðmundsdóttir | 72 | Ólafur Sveinsson | 288. |
| 2. Helga Emilia Hölter til 14. maí | 14 | Guðjón Þórólfsson (Magnús í Lykkju) | 40. |
| 3. Ásdís Daðadóttir | 61. | Rögnvaldur Teitsson | 120. |
| 4. Guðrún Guðmundsdóttir | 9 | Hans A Guðmundsson | 80. |
| 5. Sigríður Andersdóttir | 13 | Þórður í Norðurkoti | 80. |
| 6. Kristrún Ásmundsdóttir | 66 | Sigríður Ásmundsdóttir | 150. |
| 7. Finnbogi Finnbogason | 13 | Guðrún Jónsdóttir | 80. |
| 8. Agnes Jónsdóttir | 81 | Sigríður Erlindsdóttir | 120 |
| 9. Guðmundur Guðmundsson Eiríksd. | 11 | Magnús í Laxanesi | 80. |
| 10. Sigríður Jónsdóttir | 61 | Helgi Teitsson | 120 |
| 11. Jónína Guðrún Jónsdóttir | 11 | Friðsemd Aradóttir | 80. |
| 12 Friðrik Guðmundsson | 10 | Ragnhildur Þorláksdóttir | 80. |
| 13. Magnús Magnússon | 10 | Guðlaug í Þorgrímsholti | 80 |
| 14. Kristján Jóhannesson | 13 | Erlindur á Breiðabólstöðum | 30. |
| 15. Oddur Sigurðsson til 14. maí | 14 | Kristján á Sölmundarhöfða | 30. |
| 16. Kristjana Jóhannesdóttir | 9 | Rannveig Gísladóttir | 80. |
| 17 Sigríður Guðmundsdóttir 13 | 10 | Magnús á Eiði | 80. |
| 18. Magnús Magnússon | 79 | Guðlaug Oddsdóttir | 120 |
| 19. Jón Kristjánsson | 10 | Guðrún Steindóttir | 80 |
| 20. Guðmundur Guðmundsson | 7 | Einar Arason | 80. |
| 21. Ingiríður Einarsdóttir | 66 | Eyvindur Eyvindsson | 60. |
| 22 Steinþóra Þorsteinsdóttir | 10 | Sofía Magnúsdóttir | 40. |
| 23. Jón Jóhannsson | 69 | Magnús í Viðey | 50. |
| 24 Sigríður Jensdóttir | 12 | Hermann Guðmundsson | 80. |
| 25 Sigríður Ólafsdóttir | 80 | Sveinn Sveinsson | 90 |
| | | | 2218 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Fl. = 2218 | kr |
| 26 | Jódís Tómasdóttir | 7 | Sigrún Guðlaugsdóttir | 60 |
| 27. | Bjarni Jónsson | 72 | Jón Einarsson | 120 |
| 28. | Jón Jónsson | | Jón á Skógtjörn | 36. |
| 29. | Guðmundína Oddsdóttir | 6 | Hermann Guðmundsson | 80 |
| 30. | Jóhanna Guðmundsdóttir | 56 | Magnús Finnsson | 40. |
| 31. | Lýður Magnússon | 76 | Guðlaug Oddsdóttir | 60. |
| 32. | Pjetur Friðriksson | 11 | Gísli Guðmundsson | 80 |
| 33 | Guðrún Friðriksdóttir | 9 | Þórður Þórðarson Hábæ | 80. |
| 34 | Sigurjón Guðnason | 5 | Snorri á Blikastöðum | 80. |
| 35 | Daníel A. Fómann Pálsson | 6 | Sigríður Bjarnadóttir | 80. |
| 36. | Sigríður Pálína Pálsdóttir | 4 | Þuríður Jónmundsdóttir | 80 |
| 37. | Meyvant Hansson | 13 | Síra Rikarður Torfason | 45. |
| 38. | Guðbjörg Hansdóttir 22.50 | 10 | Síra Þórður Ólafsson | 60. |
| 39. | Ágúst Guðmundsson | 10 | Runólfur Runólfsson | 80 |
| 40 | Elías Guðmundsson | 6 | Jón Björnsson | 80. |
| 41 | Oddur Jónsson til 14. maí | 14 | Guðmundur Guðmundsson | 25. |
| 42 | Emilía Gunnlaugsdóttir | 11 | Sigurður Bjarnason | 40. |
| 43 | Erlendur Valdemarsson Ottesen | 5 | Erlendur Hannesson | 30. |
| 44. | Málfríður Bjarnadóttir | 8 | Oddgeir Björnsson | 80. |
| 45 | Þorleifur Björnsson | 74 | Sveinn Bjarnason | 100. |
| 46 | Guðmundur Kristjánsson Lange | 12 | Kristín Guðmundsdóttir | 48. |
| 47. | Guðrún Helgadóttir | 72 | Sigurður Þórðarson | 70. |
| 48 | Guðrún Hansdóttir | 12 | á Kleppi | 65 |
| 49 | Gestur Hansson | 3 | Margrjet Ásmundsdóttir | 80. |
| 50 | Rannveig Sigurðardóttir | 4 | Jónas Sigurðsson | 80 |
| 51 | Sigurður Sigurðsson | 2 | Þórarinn Arnórsson | 80 |
| 52 | Ólafur Ásbjörn Valdemarsson | 3 | Jóhann Guðmundsson Sunde | 80. |
| 53 | Stefán Oddur Valdemarsson | 4 | Þórður Ólafsson | 80 |
| 54 | Sigríður Jónsdóttir 90 kr | 64 | Einar Zoëga | 168 |
| 55 | Guðrún Magnúsdóttir | 11 | Magnús Árnason | 60. |
| 56 | Jónína Hermannsdóttir | 5 | Árni Árnason | 80. |
| 57. | Pjetur Gunnarsson | 4 | Benedikt Samarsson | 80. |
| 58 | Karl Bjarnason | 1 | Gísli Þorkelsson | 80. |
| | | | | 4437 |
| | | | | 168 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kr. 2218 · 60 · 120 · 36 · 80 · 40 · 60 · 80 · 80 · 80 · 80 · 80 · 45 · 60 · 80 · 80 · 25 · 40 · 30 · 80 · 100 · 48 · 70 · 65 · 80 · 80 · 80 · 80 · 80 · 168 · 60 · 80 · 80 · 80 · 4437 · 168

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Kr. 4437 |
| 59 | Einar Guðmundsson málleysingi | 11 | Síra Ólafur Helgason | 365 |
| 60 | Didrika Holler | 41 | Guðrún Jónsdóttir | 84 |
| 61 | Sigríður Magnúsdóttir | 60 | Helgi Runólfsson | 40 |
| 62 | Kristbjörn Einarsson | 12 | Bjarni Magnússon | 55.33 |
| 63 | Pálína Tryggva Pálsdóttir | 9 | Stafholtstungnahreppur | 30 |
| 64 | Kristín Magnúsdóttir | 16 | Guðmundur Einarsson Stóruskipho. | 35 |
| 65 | Valgerður Gróa Guðmundsdóttir | 5 | Jóhannes Oddsson | 30 |
| 66 | Jóhanna Friðrika Kristjánsdóttir | á 1. | Sveinbjörn Ásbjörnsson Mýrarholti | 80 |
| 67 | Jón Jónsson Arnljótssonar | 8 | Sigurður Jónsson, Varthúsum | 80 |
| 68 | ~~Ágúst Þorsteinsson~~ | ~~8~~ | | |
| 69 | Jón Þorsteinsson | 7 | Guðmundur ~~Guðmundsson~~ Guðrúnark. | 80 |
| 70 | Sigurður Vilberg Sigurðsson | á 1. | Guðmundur Guðmundsson Melshúsum | 80 |
| 71 | Sigurbjörn Þorkelsson | 8 | Sveinn Guðmundsson Sveinsbæ | 80 |
| 72 | Erika Guðrún Þorkelsdóttir | 5 | Guðmundur Þorkelsson | 80 |
| 73 | Björg Sigurðardóttir | 7 | Þórður Zoëga | 80 |
| 74 | Ágústa Þorsteinsdóttir | 8 | Guðjón Sveinsson | 80 |
| 75 | Magndalína Kristjánsdóttir | 2 | Jón Jónsson Bala | 80 |
| 76 | Kristján Kristjánsson | 76 | | |
| 77 | Geir Konráðsson | 7 | Jarþrúður Pjetursdóttir | 80 |
| | | | | 5876.33 |
| | | | | 168 |

## B. Þurfamenn

| | | Styrkur |
|---|---|---|
| 1. | Vilborg Ólafsdóttir | 120 |
| 2. | Guðrún Þorgrímsdóttir | 40 |
| 3. | Margrjet Pálsdóttir | 36 |
| 4. | Kristján Hróbjartsson | 96 |
| 5. | Eggrún Eggertsdóttir | 48 |
| 6. | Sigríður Guðmundsdóttir | 120 |
| 7. | Ragnheiður Vigfúsdóttir | 240 |
| 8. | Guðrún Jóhannesdóttir | 108 |
| 9. | Valgerður Guðnadóttir | 80 |
| 10. | Helga Jónsdóttir | 72 |
| 11. | Emerentiana Þorkelsdóttir | 96 |
| 12. | Vilborg Pjetursdóttir | 144 |
| 13. | Jóhanna Magnúsd. | 16 |
| 14. | Þóra Gísladóttir | 20 |
| 15. | Margrjet Guðmundsd. | 16 |
| | Flutt | 1252 |

| | | Styrkur |
|---|---|---|
| | Fluttar Kr. | 1252 |
| 15. | Guðbjörg Magnúsdóttir | 96 |
| 16. | Pálína Oddsdóttir | 60 |
| 17. | Rannveig Torfadóttir | 120 |
| 18. | Guðrún Sigurðardóttir | 96 |
| 19. | Sigurbjörg Sigurðardóttir | 60 |
| 20. | Vilborg Sigurðardóttir | 80 |
| 21. | Þorkell Eiríksson | 30 |
| | Samtals | 1794 |

## C. Húsaleiga

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sigurður Eiríksson | 24 |
| 2. | Jóhanna Magnúsdóttir | 12 |
| 3. | Dórothea Jónsdóttir | 24 |
| 4. | Pjetur Grímsson | 36 |
| 5. | Sigurbjörg Sigurðardóttir | 30 |
| | Flutt Kr. | 126 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Húsaleiga

| | Flutt. Kr | 126 |
|---|---|---|
| 6. | Marta Markúsdóttir | 24. |
| 7. | Katrín Árnadóttir | 18. |
| 8. | Guðrún Sigurðardóttir | 24. |
| 9. | Ólafur Jónsson | 36 |
| 10. | Þorsteinn Jónsson bakari | 9. |
| 11. | Einar Ólafsson | 36 |
| 12. | Sigrún Guðlaugsdóttir | 24. |
| 13. | Soffía Ólafsdóttir | 18. |
| 14. | Halldór Þórðarson Bala | 24. |
| | | 339 |

| | Flutt. kr. | 339 |
|---|---|---|
| 15. | Ólafur Björnsson | 30 |
| 16. | Jóhanna Malmkvist | 24. |
| 17. | Þorkell Valdim. Ottesen | 9. |
| 18 | Ólafur Þorvarðars. | 36 |
| 19. | Þorkell Eiríksson | 24. |
| 20. | Magnús Jónsson | 36 |
| 21. | Árni Árnason | 24. |
| 22. | Guðrún Sigurðardóttir | 24. |
| 23. | Jespersen | 90. |
| 24. | Halldóra Jónsdóttir | 24 |
| 25. | Vilborg Pétursdóttir | 36 |
| 26. | Sigríður Auðunsdóttir | 30 |
| | Samtals | 726 |

## D. Utstola

1. Elísabet Egilsdóttir — — — — — 500

## II. Önnur málefni.

1. Í brjefi 9. dag þ.m. biður Helga Pálsdóttir um húsaleigustyrk þetta ár, 1 Kr. 50 a. um mánuðinn; var samþykkt að veita henni 12 Kr. í eitt skipti fyrir öll.
2. Ólafur Ólafsson biður um 4 Kr. til að kaupa brók fyrir, og var það veitt, og skyldi Steindór skoða brókina.
3. Guðfinna Pálsdóttir biður, að fátækranefndin vildi láta hana fá úr fátækrasjóði meðlag það, sem barnsfaðir hennar Vilhjálmur Halldórsson hefur skuldbundið sig til að borga henni, 100 Kr.; nefndin samþykkti að láta hana fá 80 Kr. á ári, gegn því, að hún tæki til sín 80 kr. af meðlagi Vilhjálms.
4. Jóhannes Benediktsson biður um tómthúsmenskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
5. Magnús Harðarson í Nauthól biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar.
6. Þórður Magnússon í Bollagörðum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson G. Gunnarsson

Ólafur Ólafsson Guðm. Guðmundsson Steindór Jónsson

Gunnl. Pjetursson Jón Þorsteinsson Ámundi Ámundason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1894, fimmtudaginn 25. dag janúarmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Brynjólfur Eiríksson biður í brjefi 24. þ.m. um skinnklæði fyrir sig og son sinn; ákveðið var, að líta eptir, hvað hann þyrfti.

2. Kristján Teitsson á Bakkahúsi í Garði biður um 13 kr. 50 a. fyrir líkkistu um lík Jóns frá Suðurkoti, sem dó þar fyrir sunnan síðasta vor, og að auk 2 kr. fyrir að vera líkmaður. Niðurstaðan varð sú, að borga skyldi honum 13 kr. 50 a. fyrir líkkistuna, en eigi líkmannskaupið.

3. Einar Eyjólfsson á Þinghól við Mjóafjörð í Suður-Múlasýslu skýrir frá, að hann hafi orðið að fá lán hjá sveitarstjórninni í Mjóafirði, sökum þess, að Konráð Hjálmarsson hefði tekið allt frá sjer upp í skuld, og óskaði, að fátækranefndin leyfði sjer að vera þar eystra til næsta hausts. Afráðið var, að láta hann vera þar til næsta hausts, svo framarlega sem hann þyrfti eigi sveitarstyrks við að sumrinu til, en annars yrði hann að koma hingað þegar í vor; og eins mætti hann vera lengur, svo framarlega sem hann þyrfti eigi sveitarstyrks.

4. Ákveðið var, að taka Vilborgu Ólafsdóttur frá Þ. Bjering og koma henni fyrir á góðum stað, t.a.m. hjá Árna leturgrafara Gíslasyni. En þar sem Þ. Bjering heimtar meðgjöf með henni um 2 mánuði, sem hún hafi legið, þá gat nefndin eigi samþykkt það.

5. Ákveðið var, að semja við Sigurð Þórðarson í Steinhúsinu um að halda Jón Halldórsson gegn sanngjarnri borgun, og var Ámunda Ámundasyni falið að umgangast þetta.

6. Jóhann Jónsson á Vesturgötu biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í leyfi. Málinu frestað til þess að kynnast ástæðum hans, aldur og heilsfæri

7. Þórður Sigurðsson í Sauðholti í Holtunum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum næsta vor. Málinu ~~frestað~~ til að ná upplýsingum um hann. Ólafur Ólafsson tók að sjer að leita upplýsinga.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Magnús Einarsson í Skrauthólum biður um tómthúsmannsskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H.Kr. Friðriksson Ólafur Ólafsson

Ámundi Ámundason Þ. Thorsteinsson G. Þórðarson

Guðm. Guðmundsson Steindór Jónsson Ólafur Björnsson

Guðmundur Þorkelsson Gunnl. Pjetursson

Ár 1894, fimmtudaginn 8. dag febrúarmánaðar, hafði fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Guðmundur Jóhannesson biður um 3 kr. um mánuðinn með Kristjáni Kristjánssyni frá lokum októbermánaðar í haust og svo framvegis. Niðurstaðan ~~varð~~ sú, að láta Guðmund fá 3 kr. um mánuðinn frá 1. degi janúarm. og svo framvegis.

2. Eyvindur Eyvindsson biður um 25 kr. lán til að borga með skuld til Ól. Halldórssonar, þar sem bærinn annars yrði seldur ofan af sjer. Samþykkt var, að láta hann fá þessa peninga gegn endurgjaldi af sveit hans Grímsnesi.

3. Sveinn Eiríksson á Grímsstaðaholti biður um 12 kr. lán til matar. Ákveðið var, að láta skoða hjá honum, og hjálpa honum svo, ef nauðsyn reyndist, gegn endurgjaldi af sveit hans. Gunnlaugur Pétursson tók að sjer að skoða hjá honum.

4. Þá var tekin fyrir beiðni Magnúsar Harðarsonar um tómthúsmannsskuleyfi hjer í bænum (sjá fund 11. f.m.). Beiðninnar var synjað, með því að hann væri bláfátækur og stórskuldugur, og alls eigi duglegur.

5. Sömuleiðis beiðni Jóhannesar Jónssonar (sjá næsta fund á undan). Beiðninni var neitað, með því að hann ætti alls ekkert.

6. Enn fremur beiðni Magnúsar Einarssonar (sjá næsta fund á undan), og var tómthúsmannsskuleyfið veitt.

7. Þórður Sigurðsson (sjá næsta fund á undan) hafði beðið um tómthúsmannsskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað, unz skýrsla kæmi um efnahag hans, áreiðanleg.

8. Sigurður Jónsson á Innra-Hólmi á Akranesi biður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Ákveðið, að heimta af beiðandanum áreiðanlega skýrslu um allan efnahag hans, áður en málið yrði útkljáð.

9. Jóni Halldórssyni var komið fyrir hjá Sigurði Þórðarsyni í Steinhúsi gegn 50a. um daginn, meðan hann væri eins veikur og hann nú er.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. ~~W~~ Fridriksson. Olafur Olafsson og Þórðarson
Ámundi Ámundason Guðm Guðmundsson Gunnl Pjetursson
Olafur Björnsson Hannes Jónsson

Ár 1894, fimmtudaginn 22. dag febrúarmán, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Í brjefi 5. þ.m. biður Karolína Hansdóttir um húsaleigustyrk, 2 kr. um mánuðinn, og var það veitt.

~~2 Einar Þorsteinsson biður í 6~~

2. Dr. Jónassen biður að fá borgaðan reikning, að upphæð 29 kr., fyrir læknishjálp veitta fátæklingunum, og var reikningurinn samþykktur.

3. Jón Jónsson í Ánanaustum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

4. Einar Ketilsson á Breiðabólstöðum á Álptanesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

5. Með brjefi 16. þ.m. biður amtmaður um umsögn fátækranefndarinnar um kvörtun Magnúsar Harðarsonar yfir neitun nefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Nefndin gat eigi breytt skoðun sinni um þetta mál.

6. Jóhann Jónsson hafði og kvartað yfir neitun fátækranefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og hafði amtmaður beðið um umsögn nefndarinnar um málið. Nefndin gat heldur eigi breytt skoðun sinni um þennan mann, ~~og~~ en varð að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

halda fast við þá skoðun, að engin ástæða væri til, að veita honum veitingamennskuleyfi.

7. Ákveðið var, að veita Sigurði Björnssyni sauðskinn í brók, og skyldi Guðmundur Þorkelsson annast það.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. Friðriksson. Ólafur Ólafsson

G. Þórðarson A. Ámundason Guðm. Guðmundsson

Steindór Jónsson Gunnl. Pétursson Ólafur Björnsson

Jón Þorsteinsson Guðmundur Þorkelsson

Ár 1894, fimmtudaginn 8. marz var fundur haldinn í fátækranefndinni.

1. Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps krefst í bréfi 26. f. m. endurgjalds úr fátækrasjóði á 30 kr., sem er meðlag með Jóni Rasant fæddum 1. ág. 1888 syni Jóns Jóhannssonar í Viðey samkvæmt amtsúrskurði 25. jan. 1892 að fátækranefndin ... Nefnd Seltjarnarneshrepps, sem dvalarsveit Jóns Jóhannssonar greiddi þetta meðlag til Garðahrepps, þar sem barnið dvelur. Fátækranefndin samþykkti að greiða þetta meðlag.

2. Árni Helgason biður í bréfi dags. í dag um 25 kr. lán úr fátækrasjóði, með því hann sé bjargarlaus og vinnulaus ~~með~~ og konan og börnin veik. Hafði formaður látið skoða bjargræði hjá Árna, og reyndist það lítið sem ekkert. Honum var veitt hið umbeðna lán, og lofar hann að endurborga það á næsta sumri.

3. Guðmundur Guðmundsson Melshúsum á Seltjarnarnesi tilkynnir fátækranefndinni, að hann verði að ráðstafa Erlendi Guðmundssyni, sem nú er vinnumaður ~~hans~~, frá 14. maí næstkom., með því hann sé yfirsannur í bjargræði og þyngist ómagi; gefur kost á að halda Erlendi framvegis fyrir 10 kr. um mánuðinn, ella að öðrum kosti vera laus við hann. Samþykkt var, að fresta málinu fyrst um sinn til næsta fundar, til að útvega ýtarlegri upplýsingar um heilsu Erlendar og reyna að útvega honum samastað með minna meðlagi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Jón Jónsson Melum á Kjalarnesi biður um borthús-mennskuleyfi á næstkomandi vori í bréfi 28. f. m. — Málinu var frestað til að heimta af beiðandanum fyllri skýrslu um efnahag hans. —
5. Þorkell Helgason í Oddgeirsbæ biður í bréfi 8. þ. m. um húsmennskuleyfi á næstkomandi vori. Með því að eigi var í bréfinu nein skýrsla um efnahag beiðanda og Gunnlaugur Pjetursson, sem beiðandi skýrskotaði til, í því tilliti, var ekki á fundi; var málinu frestað til næsta fundar. —

Fundi slitið
Halldór Daníelsson Ólafur Ólafsson G. Þórðarson
Guðm. Guðmundsson Ólafur Björnsson Guðm. Þorkelsson
Steindór Jónsson

Ár 1891, fimmtudaginn 12. d. aprílm. ~~Hé~~ átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Formaður las fyrst upp brjef frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu og hreppsnefndinni í Mjóafjarðarhreppi, þar sem spurt er um, hvort fátækranefndin kannaðist við sveitfesti ~~Eyjólfs~~ Einars Eyjólfssonar, sem hefði fengið 200 Kr. úr sveitarsjóð til 12. januarm. þ. m. Ákveðið var, að láta Einar Eyjólfsson koma hingað sem allra fyrst, svo framarlega sem hann þyrfti nokkurs styrks við úr fátækrasjóði; því að fátækranefndin vildi eigi ábyrgjast nokkurt lán ~~til~~ handa honum fremur en komið væri.
2. Oddvitinn í Grýtubakkahreppi spyr um, ~~þá~~ hvort senda eigi Angelika Guðmundsdóttur Lambertsen suður, með því að Reykjavík væri fæðingarstaður hennar; hún væri fædd 28. d. 1877. Afráðið, að láta senda hana hingað með fyrstu strandferð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Guðmundur Guðmundsson í Melshúsum
biður um meðgjöf með Erlendi Guðmundssyni.
10 kr. um meðgjöf (sjá næsta fund á undan).
Málinu frestað til næsta fundar, til að vita um
sveitfesti Erlendar.

6. Þórður Pjetursson skýrir í brjefi 11. þ. m., að
Guðbjörg Helgadóttir hafi átt barn með Guð-
mundi Guðmundssyni í Ánanaustum, en
hann vildi ekkert borga með þeim barni sínu,
og beiddi því fátækranefndina að koma barninu
fyrir. Barnið heitir Helga. Ákveðið var, að
reyna að koma barninu fyrir. Gunnl. tók það sjer.

7. Hans Jónsson biður um 40 kr með Guðbjörgu
dóttur sinni þetta fardaga-ár, sem nú er að líða, og
framvegis. Fátækranefndin þáði það boð, að með-
gjöfin skyldi eigi vera meiri en 40 kr., og samþykkti að greiða
þetta meðlag gegn ~~meðlag~~ kvittun frá rjettum
hlutaðeigandi.

8. Valdimar Ottesen biður, að fátækranefndin vildi
veita sjer að minnsta kosti helminginn af þeim
14 kr., sem hann ávann sjer hjá G. Zoëga.
Afráðið var að láta hann fá 15 kr.

9. Amtmaður skýrir frá í brjefum 10. þ. m., að hann
samþykki neitun fátækranefndarinnar um
tómthúsmennskuleyfi handa Magnúsi Harðarsyni
og Jóhanni Jónssyni.

10. Í brjefi 4. april þ. á. biður Stefán Hannesson
í Melshúsum um tómthúsmennskuleyfi hjer í
bænum. Beiðninni er neitað sökum skýrsluleysis
um efnahag hans.

11. Erlendur Guðleifur Þorleifsson biður í brjefi
11. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum.
Beiðninni var neitað, sökum efnaleysis og skýrslu-
leysis.

12. Þorkell Helgason hafði beðið um tómthúsmennsku-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi (sjá næsta fund á undan). Leyfið var veitt.

13. Guðjón Jónsson trjesmiður í Njarðvíkum biður í brjefi 16. marz þ. á. Með því að hann segist hafa meistarabrjef, gat nefndin eigi neitað honum.

14. Páll Jónsson vegfræðingur biður um tómthúsmennskuleyfi, og var það veitt.

15. Jón Gíslason í Kirkjuvogi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum í brjefi 15. febrúar. Leyfið var veitt.

16. Sigurði Jónssyni á Innra-Hólmi var veitt tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum.

17. Ákveðið var, að koma Agnesi Jónsdóttur fyrir hjá tengdasyni hennar Magnúsi Stefáns~~dóttur~~ syni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H.Kr.Friðriksson. Ólafur Ólafsson
G. Þórðarson Ólafur Björnsson
Steindór Jónsson Gunnl. Pjetursson
~~Jón Þorsteinsson~~

Ár 1894, fimmtudaginn 26. d. ~~febrúar~~ aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Guðm. Erlendsson biður um, að fátækranefndin útvegi sjer hús frá 14. maí næstkomandi. Ákveðið var, að hann skyldi útvega sjer sjálfur húsnæði, en nefndin mundi borga fyrir húsnæðið allt að 3 kr. um mánuðinn.

2. Jóhanna Magnúsdóttir biður um 4 kr. mánaðarlegan styrk í sumar, eða frá 1. degi maímánaðar. Henni voru veittar 3 kr. um mánuðinn maí–september, en 4 kr. úr því til ~~[illegible]~~ ársloka.

3. Katrín Árnadóttir biður um borgun húsaleigu og útvegun; henni var ætluð húsaleiga 18 kr. til ársloka.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H.Kr.Friðriksson. Ólafur Ólafsson
G. Þórðarson Guðm. Guðmundsson Árn Ámundason
Steindór Jónsson Jón Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1894. fimmtudaginn 10. maí var fundur haldinn í fátækranefndinni: –

1. Í brjefi dags. 20 april þ. á. biður Gunnar Lárusson á Hlíð í Bessastaðahreppi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstkomandi hausti. Með því að ekki fylgdi nein skýrsla um efnahag beiðandans var málinu frestað.

2 Samþykkt var að veita Guðmundi Erlendssyni 8 kr. styrk á mánuði ~~frá~~ 1. næsta mánaðar. –

3. Samþykkt var að greiða ~~Sigurði~~ Þórðarsyni í Steinhúsi 5 kr. fyrir að láta vera 10 nætur yfir ómaganum ~~Helgu~~ Sigríði Helgadóttur í veikindum hennar

Fundi slitið

Halldór Daníelsson G. Þórðarson Guðm. Guðmundsson
Ólafur Björnsson Guðmundur Þorkelsson
Ámunde Ámundason

Ár 1894, fimmtudaginn 24. dag maímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Sigríður Ámundadóttir skýrir frá, að Sigmundur Guðmundsson væri orðinn alls laus, og hefði ekkert sjer og hyski sínu til framfæris. Málinu var frestað fyrst um sinn.

2. Sigurður Jónsson í Lindarbæ beiðist í brjefi 23. þ. m. að fá að kaupa Lindarbæ, og borga skuldina til bæjarins, sem faðir hans var kominn í á árum, og var það samþykkt.

3. Kristján Þróbjartsson biður um 10 kr. til að borga lækni Birni Ólafssyni fyrir lækningatilraunir hans við augu beiðandans, og var það veitt í þetta sinn.

4. Ákveðið að útvega konu Gríms bakara Ólafssonar húsnæði um stundarsakir, og tók Guðmundur Guðmundsson að sjer að reyna.

5. Berent Berentsson frá Pétursey í Mýrdal biður í brjefi 15. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstkomandi jónsmessu. Leyfið var veitt með því skilyrði, að hann ~~…~~ ~~kæmi~~ gadít innan árslóka.

6. Björn Sveinsson í Skálholti biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En með því að engin skýrsla fylgdi um ástæður hans, var málinu frestað.

7. ~~Guðmundur~~ Erlendur Guðleifur Þorleifsson ~~beiðandi~~ endurnýjar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í bænum (sbr. fund 12. apríl þ. á.), og skýrir frá högum sínum. Leyfið var veitt.

8. Jón Jónsson á Melum í Kjalarneshrepp biður í brjefi 21. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. ~~Fátækranefnd~~ Samþykkt að veita beiðandanum leyfið, ef skýrsla hans reynist sönn.

9. Þórður Sigurðsson endurnýjar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sjá fund 25. d. janúarmán. þ. á.), og sendir 3 vottorðum heydur sína. Leyfið var veitt.

10. Helgi J. Guðmundsson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og sendir vottorð um hag hans. Leyfið var veitt.

11. Jóni Thorsteinsson voru veittar 7 Kr. á mánuði frá 1. d. næsta mánaðar með stúlkunni Sigurrósu Guðmundsdóttur, 34 ára gamalli, sem liggur veik í rúminu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. Ólafur Ólafsson Gissur Guðmundsson Guðrún Guðmundsson Jón Thorsteinsson

Ár 1894, fimmtudaginn þ. 14. júní var fundur haldinn í fátækranefndinni.

1. Sveinn Bjarnason í Sauðagerði tilkynnir fátækranefndinni í brjefi 19. f. m., að hann geti ekki haldið Þorleif Björnsson lengur fyrir 100 krónur, en vill halda hann áfram fyrir 140 kr. árumeðlag. Samþykkt var að reyna að koma Þorleifi fyrir á öðrum stað, áður en gengið væri að boði Sveins. –

2. Benedikt S. Þórarinssyni var samkvæmt beiðni hans í brjefi dags. í gær veitt leyfi til að setjast hjer að – tómthúsmennsku. –

3. Þorkell Halldórsson frá Viðvíkurfelli í Kjós biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. Ólafur Ólafsson Guðrún Guðmundsson Ámundi Ámundason Ólafur Björnsson Guðmundur Þorkelsson

Ár 1894, fimmtudaginn 28. dag júnímán. átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Sigurður Eiríksson biður í brjefi í dag um styrk til þess að koma börnunum fyrir í sumar, og að konan komist upp í sveit um tíma. Ákveðið að ab... meðlagið með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

börnunum í sumar, og veita konunni hið nauðsynlegasta til að komast upp í sveit í sumar.
2. Sigurður Guðlaugsson biður í brjefi 14. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var neitað um leyfið sökum efnaleysis og heilsulasleika konunnar.
3. Bjarni Bjarnason frá Seli biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
4. Sigurður Þorkelsson frá Miðdalskoti í Kjós biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var veitt leyfið, með því skilyrði, að hann kvongaðist unnustu sinni í haust.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Ólafur Ólafsson Gunnl. Pjetursson
Guðm. Guðmundsson Ólafur Björnsson Steindór Jónsson
Jón Þorsteinsson

Ár 1894, fimmtudaginn 11. dag júlímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Formaður lagði fram brjef frá Bjarna Oddssyni dags. 26. f.m., þar sem hann afsegir, að halda lengur Sigríði Þórðardóttur, þar sem hún sje með öllu efnalaus, og sje kararómagi, og krefst meðgjafar með henni frá krossmessu í vor. Ákveðið var, að reyna að koma þessari Sigríði fyrir, og lofaði Ólafur Ólafsson að reyna það.
2. Hreppsnefndin í Gnúpverjahreppi heimtar meðgjöf með barni Steingríms Ólafssonar, en eptir áskeðum varð ekkert ákveðið um þetta mál að þessu sinni.
3. Ólafur Ólafsson skýrði frá, að hann hefði komið Þorleifi Bjarnarsyni fyrir hjá Sveini Bjarnarsyni í Sauðagerði fyrir sama meðlag og áður.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson, Ólafur Ólafsson

Ár 1894. fimmtudaginn 26. júlí átti fundur að vera

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í fátækranefndinni, en með því að eigi komu aðrir en Ólafur Ólafsson og Jón Þorsteinsson auk formannsins, varð ekki af fundinum. —

Halldór Daníelsson

Ár 1894, fimmtudaginn 9. dag ágústmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Eyjólfur Pálsson biður í brjefi dags. í dag, að fátækranefndin vildi gjöra svo við Stekkjarkot, þar sem hann býr og sem er eign bæjarins, að lifandi verði í honum. Ákveðið var að skoða bæinn, og gjöra við hann, ef það þætti tilvinnandi. Ólafur Ólafsson tók að sjer að skoða bæinn.
2. Guðrún Jónsdóttir í Bræðraborg biður, í brjefi 24. f. m. um húsaleigu, 2 Kr. um mánuðinn, framvegis. Málinu frestað til að fá frekari skýringar
3. Gísli Guðmundsson kveðst í brjefi 25. f. m. eigi geta haldið lengur drenginum Pjetur Friðrikssyni. Ákveðið að koma drengnum fyrir helzt upp í sveit, t. a. m. í Leirvogstungu hjá Guðrúnu Jónsdóttur. Ólafur tók að sjer að reyna það.
4. Sigurður Jónsson í Karlhúsum kveðst í brjefi 14. f. m. eigi geta haldið ómagann Jón Jónsson, og vill losast við þennan dreng fyrir næstu mánaðamót. Gunnlaugur Pjetursson lofaði að reyna að koma drengnum fyrir.
5. ~~Oddgeir~~ Kristján á Sölmundarhöfða býðst til að taka Oddgeir Sigurgeirsson þetta árið fyrir 40 kr. um árið, og var það samþykkt.
6. Samþykkt var að greiða Bjarna í Garðhúsum skað[illegible] fyrir veru Sigríðar Þórðardóttur hjá honum frá krossmessu í vor.
7. Lagður fram reikningur frá Sveini Ingimundarsyni fyrir mjólk handa Guðbjörgu Jónsdóttur frá 19. nóvember f. á. til loka júnímán. þ. á., að upphæð 41 kr. 40 a., og var reikningurinn samþykktur
8. Amtmaðurinn í suðuramtinu tilkynnir, að hann hafi úrskurðað, að Margrjet Guðmundsdóttir sje sveitlæg í hinum forna Álftaneshrepp.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. [illegible] Friðriksson. Ólafur Ólafsson G. Þórðarson

Ámundi Ámundason Gunnl. Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1894, fimmtudaginn 23. d. ágústmán., átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Þorkell Sigurðsson biður um styrk sökum veikinda sinna. Ákveðið að veita honum styrk eptir þörfum.
2. Framlagður reikningur frá hreppsnefndinni í Mjóafjarðarhreppi fyrir styrk til Einars Eyjólfssonar síðastliðinn vetur, að upphæð 355 kr. 85 a. (355 kr. 85 a.). Ákveðið, að rita hreppsnefndinni í Mjóafirði og beiðast þess, að hún reyndi til að nokkurn afslátt á vörunum, sem nefndinni fundust flestar of dýrar, einkum þar sem öll borgun yrði í peningum, og sömuleiðis að fá skýrslu um hvað eina fyrir sig, einkum það sem Einar hefði fengið hjá Thostrup.
3. Guðrún Jónsdóttir á Laugavegi afsegir að halda Díðriku Holler lengur en til næstu október mánaðamóta. Guðmundur Guðmundsson lofaði að reyna að koma henni fyrir.
4. Guðrúnu Jónsdóttur í Bræðraborg voru veittar 2 kr. á mánuði í húsaleigu (sjá næsta fund á undan).
5. Jóni Jónssyni (Arnljótssonar) hefði verið komið fyrir hjá Þórði Eiríkssyni á Norðurkoti á Kjalarnesi.
6. Sigurður Guðlaugsson hafði kvartað fyrir suðuramtinu yfir neitun fátækranefndarinnar um leyfi að setjast að hjer í bænum, og beiðist amtmaður umsagnar fátækranefndarinnar um málið í brjefi 16. þ.m. Nefndin gat eigi breytt skoðun sinni, þar sem konan væri slagaveik.
7. Birni Sveinssyni (sjá fund 24. maímán. þ.á.) var veitt bæjarleyfi.
8. Gunnari Lárussyni (sjá fund 10. maí þ.á.) var neitað um tómthúsmannsleyfi sökum þess, að hann hefði alls enga skýrslu sent um fjárhag sinn og aðrar ástæður.
9. Jóhann Jónsson á Eiðsstöðum við Reykjavík ítrekar í brjefi 20. þ.m. beiðni sína um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, með því að hann sje sveitlægur hjer, og telur upp eigur sínar. Leyfið var veitt.
10. Jón Jónsson í Bankastræti Nr. 12 biður í brjefi 21. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halld. Friðriksson. G. Þórðarson. Ásmundur Ásmundsson
Guðm. Guðmundsson Ólafur Björnsson Guðm. Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1894, ~~miðvikudaginn~~ þriðjudaginn 4. dag septembermán., átti fátækranefnd Reykjavíkur með sjer aukafund.

1. Þá var tekið fyrir að gjöra áætlun um tekjur og gjöld fátækrasjóðs bæjarins árið 1895.

## Tekjur:

a, Tíund af fasteign . . . . . . . . . . . . 50 Kr. –
b, — " — lausafje . . . . . . . . . . . . 140 — "
c, Sektir og gjafir . . . . . . . . . . . . 350 — "
d, Hundaskattur . . . . . . . . . . . . 50 — "
e, Endurgoldinn styrkur frá innanbæjar þurfamönnum . . . . . . . . . . . . 700 — "
f. Lán endurborgað frá öðrum sveitum . . . 500 — "

Samtals 1790 Kr. "

## Gjöld.

a) Til sveitarómaga . . . . . . . . . . . . 6500 Kr.
b, — þurfamanna . . . . . . . . . . . . 5000 —
c, Greptrunarkostnaður ómaga . . . . . . . . 120 —
d, Löggflutningur þurfamanna — . . . . . . 50 —
e) Önnur útgjöld, þar með lyf til fátæklinga . . . . . . . . . . . . 450 — "
f, Lán til þurfamanna annara sveitta 500 — "

Samtals 12,620 Kr.

2. Skoraði fátækranefndin á formanninn, að láta Sigmund prentara Guðmundsson sæta ákæru fyrir óhlýðni gegn fyrirmælum fátækranefndarinnar að ganga þegar í vinnu, er honum bjóðst í Ísafoldar prentsmiðju, með því að hann getur eigi sjeð skyldu sinni farborða, en er í alla staði fær til þessarar vinnu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Hr. Fridriksson. Olafur Olafsson
Ámundi Ámundason Olafur Björnsson Gunnl. Pjetursson
Steindór Jónsson Guðmundur Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1894, fimmtudaginn 13. dag septembermánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Guðlaug Oddsdóttir biður um styrk til að bæta þak á bæ sínum, sem barnið á hálfan. Ólafi Ólafssyni var falið á hendur að skoða bæinn, áður en nokkuð gjörð ákvæði í því efni.

2. Þá var tekið fyrir að gjöra uppástungu um, hver börn ættu næst að fá styrk úr Thorkilliisjóðnum, og var ~~prestur~~ dómkirkjupresturinn þar við. Stungið var upp á, að eptirfylgjandi börn skyldu fá þennan styrk:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Þórelín Hafliðadóttir | 10 ára | 20 kr. |
| 2. | Kristinn Guðmundsson á Bergstöðum | 13 ára | 20 – |
| 3. | Guðrún Eyvindsdóttir í Hala | 12 ára | 20 – |
| 4. | Ásgeir Egilsson | 14 ára | 20 – |
| 5. | Guðfinna Jónsdóttir í Skipholti | 13 ára | 20 – |
| 6. | Bjarni Jónsson í Mýrarholti | 12 ára | 20 – |
| 7. | Margrjet Jónsdóttir í Vesturgötu | 13 ára | 20 – |
| 8. | Margrjet Pálsdóttir í Pálsbæ | 13 ára | 20 – |
| 9. | Ólína Hafliðadóttir | 13 ára | 20 – |
| 10. | Kristinn Sigurðsson | 13 ára | 20 – |
| 11. | Jón Jónsson frá Mörkum | 11 ára | 20 – |
| 12. | Jósep Magnússon | 13 ára | 20 – |
| 13. | Einar Hermannsson í Brekku | 13 ára | 20 – |
| 14. | Skúli Sveinsson á Sveinsstöðum | 13 ára | 20 – |
| 15. | Runólfur Jónsson í Stöðlakoti | 13 ára | 20 – |
| 16. | Jóhanna Eiríksdóttir í Efstabæ | 12 ára | 20 – |
| 17. | Claus Hansen | 11 ára | 20 – |
| 18. | Valgerður Jóhannsdóttir | ~~11 ára~~ 12 ára | 20 – |
| 19. | Jóhannes Kristinsson | 12 ára | 20 – |
| 20. | Sigríður Guðlaug Jónsdóttir | 13 ára | 20 – |
| 21. | Valgerður Þórðardóttir í Vesturgötu | 13 – | 20 – |
| | | Flyt – | 420 kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 22 | Þórður Magnússon á Ofanleiti | 13 ára Flutt. | 420 Kr. |
| 23. | Susanna Guðríður Hansen | 10 | 20 |
| 24. | Einar Jónsson | 10 | 20 |
| 25. | Magdalena Gunnlaugsdóttir | 13 | 20 |
| 26. | Guðrún Sigurðardóttir | 13 | 20 |
| 27. | Björn Jónsson í Stöðlakoti | 11 | 20. |
| 28. | Ásgeir Ásmundsson á Stóraseli | 11 | 20 |
| 29. | Sigvaldi Stefánsson | 14 | 20 |
| 30. | Guðmundur Kristinn Jónsson | 11 | 20 |
| 31. | Ragnheiður Jónsdóttir | 10 | 20 |
| 32. | Einar Valdimar Jónsson | 8 | 20 |
| 33 | Bjarni Einarsson á Kleppi | 14 | 20 |
| 34. | Ingigerður Sigurðardóttir | 9. | 20 |
| 35. | Loptur Sigurður Jónsson | 13 | 20. |
| 36. | Valdimar Guðjónsson | 12 | 20 |
| 37. | Kjartan Gunnlaugsson | 10 | 20 |
| 38. | ~~Ing~~ Sigríður Benediktsd. Skálholtsk. | 13 | 20 |
| 39. | Björg Vilborg Jóhannesd. Zoëga | 9. | 20 |
| 40. | Sigríður Bergþórsdóttir, á Bakkastíg | 11 | 20 |
| | | Samtals | 800 Kr. |

Til vara var stungið uppá:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 41. | Sigríður Oddsdóttir í Brautarholti | 11 ára. | 20 |
| 42. | Soffía Paulina Louisa Bertelsen | 13 | 20 |

3. Sigurður Eiríksson biður um styrk til að kaupa mó. Honum var veitt 20 hestar af mó. og .

4. Jón Jónsson á Bankastræti 12 endurnýjar bón sína um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum (sjá fund 23. d. ágústm.) Leyfið var veitt.

5. Gísli Helgason Klapparstíg 3, biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar.

6. Runólfur Magnússon frá Lykkju á Kjalarnesi biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt; en hann gjörði að kúngarði í hauts. Fur

Fundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

slitið.

Halldór Daníelsson — Fridrik Zoëga. Ólafur Ólafsson Gissur Þórðarson
Ámunde Ámundason  Gestur Gudmundsson  Gunnl Pjetursson
Steindór Jónsson  Ólafur Björnsson  Jón Þorsteinsson
Gudmundur Þorkelsson

Ár 1894, fimmtudaginn 27. dag septembermán. átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Í brjefi 27. þ.m. krefst dómkirkjuprestur þess, að börnin Astrídur og Jónas, börn Eyvindssonar í Eyvindarholti fái kennslu fyrir umsjón fátækranefndarinnar. Ákvedið var, að koma þessum börnum fyrir hjá Sveini Guðnasyni, og upp á kostnað Grímsneshrepps. Enn fremur, að nefndin sjái um, að barnið Emilía Gunnlaugsdóttir fái nægilega kennslu. Hún er 12 ára. Ákvedið var, að koma henni fyrir á sama stað gegn borgun frá Mosfellssveit. Þá krefst dómkirkjuprestur enn fremur, að Sesselja, dóttir Jóns Árngrímssonar, fái kennslu í barnaskólanum. Hún er og 12 vetra.

2. Formaðurinn gat þess, að Gudríður Tómasdóttir í Skálholtskoti geti eigi haldið Sigríði frá Gardhúsum fyrir 170 kr., en vildi fá 20 kr. um mánuðinn með henni, og var það samþykkt.

3. Ólafur Ólafsson skýrði frá, að hann hefði skoðað hús Páls Jónssonar í Melshúsum, og bæri bráða nauðsyn að gjöra við það, og mundi viðgjörðin að minnsta kosti, nema 50 kr. Ákvedið var að verja allt að 60 kr. til viðgjörðarinnar, og var Ólafi Ólafssyni og Steindóri Jónssyni falið að gjöra við það.

4. Gísli Helgason ítrekar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi (sjá næsta fund á undan). Leyfið var veitt.

5. Jón Gíslason á Melstað biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

6. Kristmundur Bjarnason í Lambhól í Seltjarneshreppi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Hann skýrði frá eignum sínum, og eptir skýrslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans, þótti eigi ástæða til að synja honum um leyfið, og var það veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Hk Fridriksson. Olafur Olafsson Gísli Þórðarson
Guðmundur Þorkelsson Sturlaður Jónsson Olafur Björnsson Jón Þorsteinsson

Ár 1894, fimmtudaginn 11. dag ~~októbermánaðar~~ átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Guðmundur Jóhannesson biður í brjefi 8. þ.m. ~~að~~ styrkja sig til að halda bæ sínum í Vík. Ákveðið var, að borga fyrir hann afdragið og renturnar til bankans.
2. Sigurður Eiríksson biður í brjefi 9. þ.m. um bjargarstyrk, svo sem til að kaupa kjöt o.fl. Ákveðið var, að útvega honum 2 kroppa, sem vegi 30–40 hvor.
3. Einar Eyjólfsson biður um styrk til að byrja á skósmíði, sem hann hefur lært áður. Nefndin gat eigi sinnt þessari bón hans.
4. Formaður lagði fram tilboð frá verzlunum Bryde og Knudtzons um vörur ~~til~~ handa fátæklingum nú í vetur. Ákveðið var að ganga að boðum verzlunar Brydes.
5. Jón Semingsson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum að minnsta kosti til næsta vors. Honum var synjað um leyfið, sökum fátæktar og óreglusemi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Hk Fridriksson. Olafur Olafsson Gísli Þórðarson
Guðm. Guðmundsson Olafur Björnsson Guðmundur Þorkelsson Gunnl. Pjetursson

Ár 1894, fimmtudaginn 25. dag októbermánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Þorkell Sigurðsson biður um, að gjört sje við vegg inn á bæ sínum, og var Gunnlaugi Pjeturssyni falið, að sjá um viðgjörðina.
2. Lagður fram reikningur frá Oddi í Hallskoti að upphæð 17 kr. fyrir Jón Jónsson, og var reikningurinn samþykktur, og ákveðið að borga fyrir Jón 1 kr. 50 a. um vikuna fyrst um sinn.
3. Andrjes Davíðsson tilkynnir, að hann geti eigi tekið börnin heim að sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Gísli Þorbjarnarson skýrir frá, að Þorsteinn Jónsson (bakari) sje nú í húsum sínum (Geysi), en hann vilji eigi ljá honum hús, nema því að eins, að fátækranefndin ábyrgist honum húsaleiguna; en fátækranefndin afsagði það.

5. Amtmaðurinn skýrir frá, að Jóhann Frímann Sigurðsson ~~liggi~~ hafi legið sjúkur á spítala í Kaupmannahöfn, og spyrst amtmaður fyrir, hvort fátækranefndin kannist við, hvort hann sje sje hjer sveitlægur, og gjörði nefndin það.

6. Sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu skýrir frá, að hreppsnefndin í Reykholtsdalshreppi beiðist meðlags fyrir ~~síðasta ár~~ árið til 31. októb. 1893 með 2 börnum Hans Jónssonar, sem hann hafi átt með Helgu Jóhannesdóttur, 35 Kr. með hverju barni um árið. En fátækranefndin áleit sjer eigi skylt, að borga meðlag með börnunum fyr. en fyrir árið 1. októb. 1893 til 30 sept. 1894.

7. Dómkirkjupresturinn tilkynnir, að hann, upp á væntanlegt samþykki fátækranefndarinnar, hafi komið fyrir til kennslu hjá realstud. Gísla Helgasyni, Elínu Sesselju Jónsdóttur (Arngrímssonar) 12 ára, ~~og Jóni Stefánssonar í Miðbýli~~. Fátækranefndin samþykkti þetta, þó svo að kennslukaupið eigi yrði meira en 1½ Kr. um mánuðinn. Enn fremur óskar hann að nefndin útvegi Jóni Kristni Stefánssyni í Miðbýli og Guðrúnu Friðriksdóttur í Hábæ nauðsynlega kennslu (nú) í vetur. Nefndin ákvað, að koma Jóni Kristni Stefánssyni fyrir hjá Þorleifi Jónssyni, en Helgu Guðrúnu Friðriksdóttur að heimi sínu.

8. Amtmaður biður í brjefi 18. þ. m. um umsögn fátækranefndarinnar um kvörtun Jóns Seningssonar yfir neitun bæjarnefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, en. nefndin gat eigi breytt skoðun sinni um þetta atriði.

9. Einar Ólafsson á Þormóðsstöðum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var neitað um leyfið, með því að skýrsla hans um fjárhagi hans væri mjög ófullkomin.

10. Þórhallur Þórhallason biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum á næsta vori, og var leyfið veitt.

11. Sigurður Bjarnason á Klapparstíg biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, en því var neitað, sökum fátæktar hans og óreglu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Benidikt sótari Jónsson skýrir frá, að Sigríður Jónsdóttir hafi komið til sín fyrir nokkrum dögum; en hann geti eigi haldið hana meðgjafarlaust, með því líka að hún sje alveg klæðlaus, og biður því um meðgjöf með henni til vors eða að minnsta kosti nægilegan fatnað handa henni, eða þá að nefndin komi henni fyrir. Nefndin sá eigi ástæðu til að skipta sjer neitt af þessu máli að svo komnu.
5. Brynjólfur Eiríksson biður um styrk, með því að hann hafi ekkert til að lifa af. Ákveðið, að rannsaka, hvort það væri rjett, að hann ætti vísa hjálp eptir nýárið, og fresta málinu unz það væri búið.
6. Sjera Þorkell á Reynivöllum tilkynnir nefndinni, að eigi sje auðið að kenna Ankorlínu Lambertsen svo, að nokkur prestur muni staðfesta hana, en hann býðst til að halda hana til vors gegn 5 kr. um mánuðinn, sem áður.
7. Margrjet Marísdóttir ítrekar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sjá næsta fund hjer á undan). Nefndin gat eigi veitt leyfið af sömu ástæðum sem áður.
8. Ólafur Ólafsson á Leirum undir Eyjafjöllum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var leyft.
9. Ákveðið var að láta Samson Sigmundarson fá alls að 3 kr. um mánuðinn næstu þrjá mánuðina, des.–febr.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fredriksson. Olafur Olafsson. G. Þórðarson
Gunnl. Pjetursson Árni Ámundason Guðm. Guðmundsson
Olafur Björnsson Steindór Jónsson

Árið 1895, fimmtudaginn 12. dag desembermánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Gísli Þorkelsson krefst þess, að hann fái 12 kr. um hvern mánuð með Diðriku Hölter, eða að nefndin komi henni fyrir. Nefndin gat eigi sinnt þessari kröfu, með því að Gísli hafði lofað að halda hana þennan vetur fyrir umsamið verð.

2. Dómkirkjupresturinn spyrst fyrir, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að þau kvongist Guðjón Árni Þórðarson og Sigríður Jónsdóttir, bæði í Elliðaárhúsum, frá hálfu nefndarinnar. Með því að nefndin þekkir eigi þessa Sigríði Jónsdóttur, og telur vottorð hreppsnefndarinnar í Helgafellssveit ónóg sönnun fyrir því, að hún sje eigi í sveitarskuld, getur nefndin eigi látið uppi þína umbeðnu yfirlýsingu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. Ólafur Ólafsson

Gunnl. Pjetursson Gj. Þórðarson Amtmanderet

Jón Thorsteinsson Guðm. Guðmundsson, Guðmundur Þorkelsson

Ólafur Björnsson Þórður Jónsson

Ár 1896, fimmtudaginn 9. dag janúarmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer, og var þá fyrst tekið fyrir, að kveða á um meðlag með ómögum og styrk til þurfamanna.

A. Sveitarómagar.

| Tala | Nöfn ómaganna | Aldur | Nöfn húsbænda | Meðlag Kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Ingibjörg Guðmundsdóttir | 74 | Ólafur Sveinsson | 288.00 |
| 2. | Helga Emilía Hölter | 16 | Guðjón Þórólfsson | 56 |
| 3 | Ædís Daðadóttir | 63 | Rögnvaldur Teitsson | 120.00 |
| 4. | Guðrún Guðmundsdóttir | 11. | Helga Hjartardóttir | 80.00 |
| 5 | Kristrún Ásmundsdóttir | 68 | Sigríður Ásmundsdóttir | 150.00 |
| 6. | Guðmundur ~~Guðmundsson~~ Eiríksdóttur | 13 | Magnús í Laxnesi | 80.00 |
| 7. | Sigríður Jónsdóttir | 63 | Helgi Teitsson | 120.00 |
| 8 | Jónína Guðrún Jónsdóttir | 13. | Friðrand Aradóttir | 80.00 |
| 9 | Friðrik Guðmundsson | 12. | Ragnhildur Þorláksdóttir | 80.00 |
| | | | Fl. | 1048. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Nafn ómaga | Mán | Nafn húsbænda | Kr. |
|---|---|---|---|---|
| | F. C. | | F. | 1048 |
| 10 | Magnús Magnússon, | 12 | Guðlaug í Þorgrímsholti | 80.00 |
| 11 | Kristjana Jóhannesdóttir | 11 | Rannveig Gísladóttir | 80.00 |
| 12 | Sigfríður Guðmundsdóttir | 12 | Bjarni Bjarnason | 80.00 |
| 13 | Magnús Magnússon | 81 | Guðlaug í Þorgrímsholti, | 120.00 |
| 14 | Jón Kristjánsson | 12 | Guðrún Steinsdóttir | 80.00 |
| 15 | Guðmundur Guttormsson | 9 | Einar Arason | 80.00 |
| 16 | Ingiríður Einarsdóttir | 68 | Eyvindur Eyvindsson | 60.00 |
| 17 | Steinþóra Þorsteinsdóttir | 12 | Sofía Magnúsdóttir | 40.00 |
| 18 | Jón Jóhannsson | 71 | Magnús í Viðey | 50.00 |
| 19 | Sigríður Ólafsdóttir | 82 | Sveinn Sveinsson | 90.00 |
| 20 | Jódís Tómasdóttir | 9 | Sigrún Guðlaugsdóttir | 60.00 |
| 21 | Jón Jónsson | — | Jón á Skógtjörn | 36.00 |
| 22 | Guðmundína Oddsdóttir, × | 8 | Hermann Guttormsson | 80.00 |
| 23 | Jóhanna Guðmundsdóttir | 58 | Ingiríður Jónsdóttir | 50.00 |
| 24 | Lýður Magnússon | 78 | Guðlaug í Þorgrímsholti | 60.00 |
| 25 | Pjetur Friðriksson | 13 | Ari Einarsson | 80.00 |
| 26 | Guðrún Friðriksdóttir | 11 | Þórður Þórðarson | 80.00 |
| 27 | Sigurjón Guðmundsson | 7 | Snorri á Blikastöðum | 80.00 |
| 28 | Daníel A. Fímann Pálsson | 8 | Sigríður Bjarnadóttir | 80.00 |
| 29 | Sigríður Pálína Pálsdóttir | 6 | Þuríður Jarandsdóttir | 80.00 |
| 30 | Ágúst Guðmundsson | 12 | Runólfur Runólfsson | 80.00 |
| 31 | Elías Guðmundsson | 8 | Jón Björnsson | 80.00 |
| 32 | Emilía Gunnlaugsdóttir | 13 | Sigurður Bjarnason | 40.00 |
| 33 | Erlendur Valdemarsson Ottesen | 7 | Erlendur Hannesson | 30.00 |
| 34 | Málfríður Bjarnadóttir | 10 | Oddgeir Björnsson | 80.00 |
| 35 | Þorleifur Björnsson | 76 | Sveinn Bjarnason | 100.00 |
| 36 | Guðrún Helgadóttir | 74 | Sigurður Þórðarson | 70.00 |
| 37 | Pjetur Hansson | 5 | Margrjet Ámundadóttir | 80.00 |
| 38 | Rannveig Sigurðardóttir | 6 | Jónas Sigurðsson | 80.00 |
| 39 | Sigurður Sigurðsson | 4 | Þórarinn Arnórsson | 80.00 |
| 40 | Sigríður Jónsdóttir | 66 | Jón Vigfússon | 90.00 |
| 41 | Jensína Hermannsdóttir | 7 | Árni Árnason | 80.00 |
| 42 | Pjetur Gunnarsson | 6 | Guðríður Tómasdóttir | 80.00 |
| | | | Fl. | 3462.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Nafn ómaga | Aldur | Nafn húsbænda | Meðlag kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | | Fl. | 3464.00 |
| 43 | Diðrika Halter | 43 | Gísli Þorkelsson | 84.00 |
| 44 | Sigríður Magnúsdóttir | 62 | Helgi Runólfsson | 40.00 |
| 45 | Salgerður Gróa Guðmundsdóttir | 7 | Jóhannes Oddsson | 30.00 |
| 46 | Jóhanna Friðrika Kristjánsdóttir | 2 | Sveinbjörn Ásbjörnsson | 80.00 |
| 47 | Jón Jónsson Arnljótsson | 10 | Þórður Elísson | 80.00 |
| 48 | Jón Þorsteinsson | 9 | Guðm. Guðmundsson Grjótum | 80.00 |
| 49 | Sigurður Vilberg Sigurðsson | 2 | Guðm. Guðmundsson Melshús | 80.00 |
| 50 | Erika Guðrún Þorkelsdóttir | 7 | Guðmundur Þorkelsson | 80.00 |
| 51 | Björg Sigurðardóttir | 9 | Þórður Vaega | 80.00 |
| 52 | Agnita Þorsteinsdóttir | 10 | Guðm. Sveinsson | 80.00 |
| 53 | Geir Konráðsson | 9 | Jarþrúður Hjálmsdóttir | 80.00 |
| 54 | Þorsteinn Lárus Einarsson | 2 | Jóhann Guðmundsson | 80.00 |
| 55 | Oktavía Sigríður Einarsdóttir | 4 | Einar Sigmundsson | 80.00 |
| 56 | Jón Rasant Jónsson | 7 | Garðahreppur | 30.00 |
| 57 | Arnkarlína Lambertsen | 18 | Þorkell Bjarnason | 25 |
| 58 | Helga Guðmundsdóttir | 2 | Bjarni Sigurðsson | 80.00 |
| 59 | Sigurrós Guðmundsdóttir | 35 | Jón Thorsteinsson | 60.00 |
| 60 | Sigríður Þórðardóttir | 59 | Guðrún Tómasdóttir | 240.00 |
| 61 | Jón Jónsson (elsti) til aprílloka | | Margrjet Ásmundsdóttir | 24.00 |
| 62 | Sigr. Katr. Sigurr. Andersdóttir | 5 | Ólafur Ólafsson bæjarfulltrúi | 80.00 |
| 63 | Guðrún Andrjesdóttir | 2 | Sigurlaug Finnsdóttir | 80.00 |
| 64 | Helga Henrietta Magnúsdóttir | 2 | Árni Árnason Melba | 80.00 |
| 65 | Guðbjörn Hansson | 5 | Reykholtsdalshreppur | 35.00 |
| 66 | Lárus Hansson | 5 | | 35.00 |
| 67 | Majendína Kristjánsdóttir | | Guðm. Guðmundsson | 48.00 |
| 68 | Þorvarður Erlindsson | | Oddur Einarsson | 84.00 |
| 69 | Jens Þórðarson til maíloka | | Jósef Jónsson | 30.00 |
| 70 | Karen Jespersen | 15 | Guðrún Jóhannsdóttir | 30.00 |
| 71 | Ida Jespersen | | | 60.00 |
| 72 | Halmfríður Þórðardóttir | | Sigurður í Karlshúsum | 80.00 |
| 73 | Karl Christian Nielsen | | Marteinn í Traðarkoti | 40.00 |
| 74 | Johannes Kristinsson | | Einar Þorsteinsson | 48.00 |
| 75 | Vigfúsmann Vigmundsson | | Guðjón Þórðarson | 80.00 |
| | | | | 3687.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Nöfn ómaga | Aldur | Nöfn húsbænda | Meðlag kr |
|---|---|---|---|---|
| | | | Flutt | 5687,00 |
| 76 | Þorgrímur Hermannsson | 4 | Guðrún Steinsdóttir | 80,00 |
| 77 | Þóra Nielsdóttir | 10 | Gunnlaugur Pjetursson | 80,00 |
| 78 | Guðrún Magnúsdóttir | 13 | Halldóra Ólafsdóttir | 60,00 |
| 79 | Þórður Árnason (malak.) | " | Markús Þórðarson til 1/5 - 40 + 50 | 107,00 |

B. Þurfamenn.

1. Vilborg Ólafsdóttir. 80 kr.
2. Kristján Hróbjartsson 96 –
3. Eggrún Eggertsdóttir – 48 –
4. Sigríður Auðunsdóttir 108 –
5. Ragnheiður Vigfúsd. 120 –
6. Valgerður Guðnadóttir – 80 –
7. Emirisiana Þorkelsdóttir 72 –
8. Vilborg Pjetursdóttir – 144 –
9. Jóhanna Magnúsdóttir – 60 –
10. Þóra Gísladóttir, – 72 –
11. Pálína Oddsdóttir – 48 –
12. Rannveig Torfadóttir – 120 –
13. Guðrún Sigurðardóttir 96 –
14. Sigurbjörg Sigurðard. 60 –
15. Guðm. Erlendsson. 120 –
16. Þóroddur Bjarnason. 192 –
~~17. Þórdís Þórólfsdóttir~~
17. Vilborg Sigurðardóttir – 80 –
18. Guðbjörg Magnúsdóttir 96 –
19. Guðfinna Pálsdóttir 80 –

1672 kr.

Flutt 126 kr.

6. Marta Markúsdóttir 24 kr.
7. Katrín Árnadóttir – 18 –
8. Guðrún Sigurðard. – 24 –
9. Ólafur Jónsson – 36 –
10. Þorsteinn Jónsson – 36 –
11. Einar Ólafsson – 36 –
12. Sigrún Guðlaugsd. 24 –
13. Halldór Þórðarson 24 –
14. Jóhanna Malmkvist 24 –
15. Ólafur Þorvarðarson 36 –
16. Þorkell Eiríksson – 24 –
17. Magnús Jónsson – 36 –
18. Árni Árnason – 36 –
19. Guðrún Sigurðard. – 24 –
20. Halldóra Jónsdóttir – 24 –
21. Vilborg Pjetursdóttir – 36 –
22. Sigríður Auðunsd. 30 –
23. Helga Pálsdóttir 15 –
24. Karólína Hansdóttir 24 –
25. Guðrún Jónsdóttir – 24 –
26. Margrjet Guðmundsd. 18 –
27. Rannveig Torfadóttir 30 –
28. Þórdís Þórólfsdóttir. 24 –

753 kr.

C. Húsaleiga.

1. Sigurður Eiríksson – 24 kr.
2. Jóhanna Magnúsd. 12 –
3. Dorothea Jónsdóttir 24 –
4. Pjetur Grímsson 36 –
5. Sigurbjörg Sigurðard. 30 –

Flutt 126 kr.

II. Jón Jónsson prentari biður enn um styrk með föður sínum, og var ákveðið, að láta hann fá 5 kr. um mánuðinn til loka maímánaðar.

III. Jón Halldórsson á Stóraseli biður um lán eptir þörfum; gegn borgun í sumar, og var ákveðið, að hjálpa honum eptir ~~því~~, sem nyrki hans þyrfti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Jón Gíslason biður um 100 kr. lán til að gjöra við bæ sinn við Bræðraborgarstíg. Ákveðið að lána honum þessar 100 kr., ef fátækranefndin þarf eigi að styrkja hann meira til þeirrar húsgjörðar.

V. Guðjón Árni Þórðarson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum næsta vor. Leyfið var ~~eigi~~ veitt.

VI. Kristján Guðmundsson á Stekkholti í Biskupstungum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað.

VII. Kári Loptsson á Eiði biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum næsta vor. Leyfið veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Ólafur Ólafsson
G. Þórðarson Árni Ámundason
Guðm. Guðmundsson
Ólafur Björnsson [illegible] [illegible] Jón Þorsteinsson
Guðmundur Þorkelsson Gunnl. Pjetursson

~~Ár 1896 23 janúar var lög~~

Ár 1896, 23. dag janúarmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Jósep Jónsson skýrir nefndinni frá, að hann geti eigi haldið Jens Þórðarson fyrir minni meðgjöf en 8 kr. um mánuðinn; en vilji nefndin eigi ganga ~~að~~ þeirri meðgjöf, óskar hann, að nefndin komi Jens fyrir annarstaðar frá byrjun næsta mánaðar. Ákveðið, að reyna, að koma Jens fyrir til næsta mánaðarmóta.

2. Guðríður ~~Jónsdóttir~~ Tómasdóttir beiðist hærri meðgjafar með Sigríði Þórðardóttur; nú hefur hún 20 kr. um mánuðinn. Ákveðið var, að hækka meðgjöfina upp í 24 kr.

3. Margrjet Magnúsdóttir, ekkja Sigurðar Sigurðssonar ber sig upp um bjargarleysi, og var ákveðið, að láta hana fá 30 kr. í eitt skipti.

4. Þórhalli Þórhallason segir móður ráðskonu sinnar Guðríði Jónsdóttur, til sveitar; en sveit hennar er Staðarsveit í Snæfellssýslu. Ákveðið var, að Guðmundur Guðmundsson og Steindór Jónsson skyldu skoða allar ástæður og ákveða meðlagið eptir þeim.

5. Ragnhildur Hjálmarsdóttir, kona Benjamíns á Seli, er mjög veik. Guðmundi Þorkelssyni, Ólafi Björnssyni og Gunnlaugi Pjeturssyni var falið á hendur að tala við Svein á Seli um málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Ákveðið að koma börnum Sigurðar Eiríkssonar fyrir, og láta svo Sigurð og konu hans eiga sig.

7. Guðmundur Bergþórsson biður um kaup á ~~bæ~~ Gíslabæ ~~bæjar~~ með sanngjörnum skilmálum. Ákveðið að selja honum bæinn með þeim skilyrðum, að hann borgi skuld tengdamóður sinnar til veitarinnar, og hann svo taki Rannveigu á sínar náðir.

~~8. Kristjóni~~

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson, Ólafur Ólafsson G. Þórðarson
Árn Ámundason G. Guðmundsson Gunnl. Pjetursson Ólafur Björnsson
Jón Þorsteinsson Guðmundur Þorkelsson

Ár 1896, fimmtudaginn, 13. dag febrúarmán., átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Oddur Jónsson í Brautarholti biður um 24 Kr. lán, en nefndin gat eigi veitt það lán.
2. Kristín Guðmundsdóttir biður um meðgjöf með dóttursyni sínum, Guðmundi Kristjánssyni. Henni voru veittar 4 Kr. um mánuðinn frá 1. janúar til 31. maí þ. á.
3. Hermann Guðmundsson í Steinsholti biður um meðgjöf með Sigríði Jensdóttur. Honum voru veittar 12 Kr. ~~til 14.~~ alls til 14. dags maímánaðar í vor.
4. ~~A~~Benidikt Ásgrímsson biður um, að fátækranefndin vildi hjálpa honum um hús hjer inni í Reykjavík, og 10–12 Kr. lán. Bústað hjer í bænum gat nefndin eigi útvegað eða lofað honum að sinni, en ákvað að veita honum hjálp, samkvæmt beiðni hans, eptir þörfum.
5. Bjarni Bjarnason á Klapparstíg biður um meðgjöf fyrir ~~með~~ desembermánuð með Sigríði Guðmundsdóttur, 6 Kr 67 a. og var það veitt.
6. Nefndin ákvað að ~~veita~~ greiða Jósep Jónssyni 8 Kr. á mánuði frá 1. jan. til 14. maí þ. á. með Jens Þórðarsyni.
7. Sigurður Jónsson á Meiðastöðum í Garði suður biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Nefndin gat eigi veitt leyfið, með því að engar skýrslur fylgdu um efnahag hans.
8. Magnúsi Jónssyni í Austurkoti var veitt 20 Kr. að láni, þannig að fátækranefndin ábyrgðist þær, ef Ólafur Ámundason vildi lána honum þær, og skyldi Guðm. Þorkelsson tala við Ól. Ámundason um það.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson H. Kr. Friðriksson, Ólafur Ólafsson G. Þórðarson Árn Ámundason
Steindór Jónsson G. Guðmundsson Gunnl. Pjetursson
Ólafur Björnsson Guðmundur Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1896, fimmtudaginn 27. dag febrúarmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 24. þ.m. biður Sigurður Eiríksson um leyfi nefndarinnar að mega útvega sjer húsnæði frá 14. maí næstk. upp á það, að nefndin borgi húsleiguna, og spyr um, hvernig hún muni mega vera, og enn fremur, hvort hann megi eigi eiga von á styrk, sem hingað til. Niðurstaðan varð sú, að segja Sigurði, að það sje búið að útvega börnunum samastað, og sömuleiðis býðst nefndin til, ef þau þurfi annars styrks við, að útvega þeim, Sigurði og konu hans samastað.
2. Margrjet Oddsdóttir í Hallskoti beiðist aðstoðar fátækranefndarinnar að ná lagast meðgjöf ~~fyrir~~ með börnum hennar frá föður barnanna, Tómasi Sigurðssyni nú á Reynivöllum. Málinu frestað.
3. Þórður læknir Thoroddsen biður í brjefi 10. þ.m., að fátækranefndin vildi borga sjer meðala- og lækningahjálparkostnað Jóns Ólafssonar frá Suðurholti, að upphæð 37 Kr. 50 a., svo framarlega, sem hann geti eigi fengið hann borgaðan af eigum Jóns heitins. Málinu frestað, unz sundurliðaður reikningur fæst.
4. Formaður lagði fram reikning frá Sveini Ingimundarsyni á Seli fyrir hald Ragnhildar Hjálmarsdóttur, að upphæð 71 Kr. fyrir tímabilið frá 21. desemb. f. á. til 29. febr. þ. á. Málinu frestað, til að reyna að fá Svein til að slaka til með þennan reikning.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. [illegible] Friðriksson. Ólafur Ólafsson G. Þórðarson
Árni Ásmundsson G. Guðmundsson Gunnl. Pjetursson Ólafur Björnsson
Steindór Jónsson

Ár 1896, fimmtudaginn 12. dag marzmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Jósef Oddsson í Leiru biður um meðgjöf með óskilgetinni dóttur sinni af dvalarhrepp móðurinnar Danhildar Jónsdóttur, svo sem 25–30 kr. árlega. Honum voru veittar 25 Kr. á ári.
2. Einar Ólafsson biður, að hann fái kot það, sem Jón Arn[illegible]son nú býr í, og sá nefndin ekkert á móti því, að hann fengi það, ef Jón færi.
3. Guðjón Helgi Helgason, vinnumaður í Melkoti, biður um tómthúsmennskuleyfi fyrir sjer í bænum á næsta vori, og var það veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Jóhann Björnsson ~~Jónsson~~ í Kaplaskjóli biður um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar.
5. Jón Jónsson í Brautarholti biður um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
6. Amtmaður biður í brjefi 29. f. m. um álit nefndarinnar um klögun Sigurðar Guðlaugssonar yfir neitun nefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Nefndin lýsti því yfir, að þarsem ástæður Sigurðar væru breyttar nokkuð til batnaðar, og nefndin hefði fengið fulla vissu, að hann væri dugnaðarmaður, hefði hún nú fyrir sitt leyti ekkert á móti því, að hann fengi hið umbeðna leyfi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Fr. Friðriksson. Olafur Olafsson Árni Ámundason
Þ. Guðmundsson Gísli Þórðarson Steindór Jónsson
Guðmundur Þorkelsson Gunnl. Pjeturs son
Ólafur Björnsson Jón Thorsteinsson

Ár 1896, fimmtudaginn 26. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

Með því að ekkert mál var til meðferðar, varð ekkert fundarhald. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Fr. Friðriksson. Olafur Olafsson
Gunnlaugur Pjeturs son Gísli Þórðarson Þ. Guðmundsson
Guðmundur Þorkelsson Jón Thorsteinsson

Ár 1896, fimmtudaginn 9. dag aprílmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hafði tilkynnt fógetanum, að Kristján Kristjánsson (Brunnsi) væri kominn vestur í Geiradal, og væri honum komið fyrir í Króksfjarðarnesi fyrir 4 kr. um vikuna; en ákveðið var, að heimta hann sendan tafarlaust fátækraflutningi.
2. Fógetinn skýrir frá, að landshöfðingi hefði úrskurðað Ólaf Guðmundsson eiga framfærsluhrepp hjer í Reykjavík.
3. Guðrún Jónsdóttir í Lágholti biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í Reykjavík, og var leyfið veitt.
4. Dídrikka Möller hafði verið komið fyrir hjá Guðrúnu Jónsdóttur, og var samþykkt að gefa með henni 1 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um mánuðinn meira en áður frá 1. degi febrúarmánaðar til Krossmessu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. [illegible] Friðriksson. Olafur Olafsson. G. Guðmundsson
Guðmundur Þorkelsson Steindór Gjörsson

Árið 1896, fimmtudaginn 23. dag aprílmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Benidikt Pálsson biður um 60 kr. lán sökum örðugr. að Laðna sinna, gegn 15 kr. borgun mánuði frá 1. júlí, og var það veitt, ef þörf reyndist.
2. Brynjólfur Eiríksson biður, að fátækrastjórnin vildi geta með 2 börnum sínum í sumar, þar sem hann konan ætli verður á Bíldudal. Steindóri Jónssyni var falið á hendur, að rannsaka allar ástæður máli þessu viðvíkjandi, og fógetanum að ráða fram úr því þar á eptir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. [illegible] Friðriksson. Olafur Olafsson
Guðmundur Þorkelsson Steindór Gjörsson. [illegible]

Ár 1896, miðvikudaginn 13. dag maímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Katrínu Árnadóttur húsaleiga áfram frá 14. þ. m., 1 kr. 50 aur. um mánuðinn.
2. Þórður Thoroddsen sendir reikning, 37 kr. 50., fyrir lækningar og lyf handa Jóni heitnum Ólafssyni frá Suðurholti. Reikningurinn var samþykktur.
3. Amtmaðurinn skrifar fógetanum, að hreppstjórinn í Rosmhvalaneshrepp, skýri svo frá, að sonur Jóns í Lindarbæ, Ingimundur, sje fátækur maður, og geti því lítið lagt til, en bjóðist til, að taka föður sinn. Niðurstaðan varð sú, að Ingimundur geti meðgjöfina með barni því, sem hann heldur fyrir Reykjavík, ganga til föður síns.
4. Jón Arnbjörnsson biður um 70 kr. til flutnings norður í Skagafjörð, en bærinn taki aptur barnið, sem hann býr ... Jóni Arnbjörnssyni voru veittar þessar 70 kr., og skyldu Steindór Jónsson og Guðmundur Guðmundsson sjá um útbúning hans til ferðarinnar.
5. Þórarinn Jónsson skýrir frá, að móðir sín væri orðinn svo mikill ómagi, að hann gæti eigi haldið hana lengur, nema meðgjöfin væri hækkuð. Málinu frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Guðján Guðmundsson beiðist húsmennskuleyfis hjer í bænum. Beiðninni var neitað, með því að hann væri með öllu efnalaus.

7. Sigurður Friðmann Guðmundsson í Selvogi biður sömuleiðis um húsmennskuleyfi hjer í bænum. Með því að hann var reiðlegur hjer, þótti eigi ástæða til að neita beiðninni.

8. Jón Jónsson frá Ytri-Rauðamel beiðist enn tómthúsmennskuleyfis hjer í bænum. Leyfið var veitt.

9. Guðmundur Jónsson við Klapparstíg biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Hann er gjálagur og bláfátækur. Beiðninni var neitað, af því að hann er efnalaus og eigi fullfær til vinnu.

10. Jóhanni Björnssyni (sjá fund 12. marz) var neitað um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum sökum fátæktar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Ó. Friðriksson. Ólafur Ólafsson

Þórhallur Bjarnarson Ámunde Ámundason

G. Guðmundsson Gunnl Pjetursson Ólafur Björnsson

Ár 1896, fimmtudaginn 28. dag maímán., átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Þorkell Sigurðsson biður um meðgjöf með 2 börnum sínum í sumar, með því að hann og kona hans ætlaði bæði á kaupavinnu í sumar, og var honum veitt 1 kr. um vikuna með öðrum fullri meðgjöf með öðru.

2. Jón Theódór Jósepsson biður um húsaleigustyrk 2 kr. um mánuðinn, og auk þess styrk til lífsuppeldis. Samþykkt, að veita honum húsaleigustyrkinn.

3. Jón Einar Jónsson biður um ~~A~~ meðlag með föður sínum frá 31. maí. framvegis. Nefndin sá enga ástæðu til að veita ~~þeo~~ hinn umbeðna styrk.

4. Anna Benidiktsdóttir, í Suðurholti biður um 15 kr. ~~styrk~~ lán til hausts til að komast norður á Sauðárkrók. Nefndin sá enga ástæðu til slíks láns.

5. Björn Ólafsson læknir sendir reikning, 14 kr., fyrir lækningar á Sigríði Ólafsdóttur. Reikningurinn samþykktur.

6. Sveini Sveinssyni á Miðhúsum var samþykkt að borga 5 kr. á dag ~~frá 1. maí~~ með Sigríði Ólafsdóttur til þess er hún dó.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Halldór Jónsson í litlabæ á Grímsstaðaholti biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bæjarumdæminu. Málinu frestað til að fá nákvæmari skýrslu um hagi beiðandans.
8. Gunnar Ólafsson biður, að föður sínum, Ólafi Þórðarsyni, verði veitt tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Fridriksson. Ólafur Ólafsson. Gj. Þórðarson. Gunnl. Pjetursson
Guðm. Guðmundsson. Guðmundur Þorkelsson. Jón Þorsteinsson

Ár 1896, 11. dag júnímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
1. Jón Jónsson, faðir Jóns Einars, biður um 5 kr. mánaðarlega með því, sonur hans sje kominn austan á Seyðisfirði. Málinu frestað.
2. Pjetur Hansson kveðst eigi geta haldið Herdísi Guðjónsdóttur fyrir minna en 7 kr. um mánuðinn. Ákveðið að reyna að koma henni fyrir uppi í sveit.
3. Formaður skýrði frá, að amtmaður hefði úrskurðað, að Guðm. stud. Pjetursson skyldi gefa með barni sínu og Sigríðar Önundardóttur.
4. Halldór Jónsson endurtekur beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en með því engin skýrsla fylgdi um efnahag hans, gat nefndin eigi sinnt beiðni hans.
5. Amtmaður biður um umsögn fátækranefndarinnar um kvörtun Guðjóns Guðmundssonar um neitun nefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Sjá fund 13. f. m. Nefndin gat eigi breytt atkvæði sínu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Fridriksson. Ólafur Ólafsson. Gj. Þórðarson.
Ámunde Ámundason. Guðmundur Þorkelsson. Jón Þorsteinsson

Ár 1896, fimmtudaginn 25. dag júnímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Oddur á Kleppi kveðst eigi hafa ástæður til að halda Þorvarði Erlendssyni framar, og var ákveðið að koma honum fyrir, og skyldi Ólafur Ólafsson reyna að koma honum fyrir hjá Markúsi á Þormóðsstöðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Jón Jónsson, faðir þess Einars þvertara, endurnýjar bón sína um styrk (sjá næsta fund á undan). Ákveðið að láta hann fá 5 kr. á mánuði.
3. Rannveig Torfadóttir biður um aukinn styrk. En nefndin sá sjer eigi fært, að auka hann að sinni.
4. Framlagður reikningur frá Geiradalshreppi, fyrir Kristjánsson (Krumma), að upphæð 57 kr. 99 a., og hann samþykktur.
5. Halldór Jónsson sendir skýrslu um efnahag sinn, og eru eigur hans taldar rúmar 300 kr. Honum var veitt tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum.
6. Einar Magnússon í Skrauthólum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var veitt leyfið.
7. Einar Árnason frá Norðurgarði á Skeiðum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
8. Pjetri Friðrikssyni var komið fyrir hjá Hinrik í Grænuborg fyrir sömu meðgjöf og áður.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fredriksson. Ólafur Ólafsson. Gísli Þórðarson

Ár 1896, fimmtudaginn 9. dag júlímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
1. Eyvindur Eyvindsson biður um viðbót 6–8 kr. fyrir Jóhönnu Magnúsdóttur hinn síðasta hálfa mánuðinn og voru honum veittar 6 kr.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fredriksson. Ólafur Ólafsson. Gísli Þórðarson
Jón Thorsteinsson

1896, fimmtudaginn 23. dag júlímán., átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
1. Þórður Stefánsson biður um 50 a. um daginn fyrir Kristján Kristjánsson (Krumma). Ákveðið að reyna að koma honum fyrir annarstaðar. Jón Thorst. tók að sjer að reyna það.
2. Ólafi Ólafssyni var falið á hendur, að skoða Jón Skanka, og semja um veru hans um tíma.
3. Jóhanna Jónsdóttir biður um 15 kr. fyrir hjúkrun á Sigurlínu Vigfúsdóttur í hálfan mánuð, og var reikningurinn samþykktur.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fredriksson. Ólafur Ólafsson. Gísli Þórðarson
Jón Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á 1896, fimmtudaginn 13. dag ágústmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Ákveðið var, að semja við Lárus Pálsson hómópata, að taka Ragnhildur Hjálmarsdóttur til lækninga með sama meðlagi, og nú er gefið með henni, og að auki hæfilega borgun fyrir lyf, ef lækningin heppnast.
2. Jón Eiríksson á Grund á Vatnsleysu biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Bæninni var ~~synjað~~ frestað, til þess að hann gjörði betri grein fyrir eigum sínum nána, þar sem öll vottorðin um fjármuni hans voru dagsett fyrst á árinu 1895.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  W. Fridriksson. Olafur Olafsson  G. Guðmundsson
Jón Thorsteinsson

Á 1896, fimmtudaginn 27. dag ágústmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
1. Jón Theodór Jósepsson biður um styrk sökum veikinda, þar sem hann hefur verið nú í 10 mánuði veikur. Ákveðið var, að hjálpa honum eptir þörfum, svo sem 5 kr. á mánuði.
2. Ákveðið var, að hjálpa Guðmundi prentara Þorsteinssyni eptir þörfum allt að 50 kr., sem konan fengi að taka út.
3. Þá var ákveðið, að koma barni Sigríðar Önundardóttur fyrir, þangað til því yrði komið á sína sveit.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  W. Fridriksson. Olafur Olafsson
Sig. Þórðarson  Guðmundur Þorkelsson

Á 1896, fimmtudaginn 10. dag septembermánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
1. Þá var tekið fyrir að semja áætlun um tekjur og útgjöld fátækrasjóðs Reykjavíkur 1897.

A. Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| a, | Tíund af fasteign | 40 Kr. |
| b, | — lausafje | 140 – – |
| c, | Sektir og gjafir | 200 – – |
| d, | Hundaskattur | 30 – – |
| | Flyt | 410 Kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt — 410 kr. —

e, endurgoldinn styrkur frá innanbæjar þurfamönnum — 700 —
f. Lán endurborgud frá ödrum sveitum — 400 —

Samt. 1510 kr

B. Gjöld.

a, til sveitarómaga — 7000 kr.
b, til þurfamanna — 6.000 —
c, Greptrunarkostnadur. — 150 —
d, lögflutningur þurfamanna — 50 —
e, Ymisleg útgjöld og lyf til fátæklinga — 300 —
f, Lán til þurfamanna utansveitar — 400 —

Samtals 13,900 kr

2. Margrjet Pálsdóttir bydst til í brjefi í dag ad taka stúlkubarn í 2 ár, gegn því ad medgjöfin gengi til afborgunar skuld hennar. Ákvedid ad koma til hennar annadhvort Ramveigu Sigurdardóttur eda Jóninu Hermannsdóttur.

3. Ákvedid ad koma Jóni Theodór Jósepsyni fyrir upp í sveit.

4. María Magnúsdóttir á Medalfelli bidur um forsthúsmennskuleyfi hjer í bænum á næsta hausti. Leyfid var veitt.

Fundi slitid.

Halldór Daníelsson. ~~H.~~ Fridriksson. Ólafur Ólafsson
Gissur Eyjólfsson? Gunnlaugur Pjetursson
Steindór Jónsson ~~L.~~ Þ. Thorsteinsson

Ár 1896, ~~fimmtu~~ föstudaginn 11. dag septembermán. átti fátækranefndin aptur fund med sjer, ásamt dómkirkjuprestinum til ad gjöra uppástungu um, hverjum börnum nefndin vildi mæla med til ad fá styrk úr ~~fátækra~~ Thorchilliisjód, og voru þau þessi:

1. Þórdís Haflidadóttir (11 ára) skyldi fá — 20 kr.
2. Jón Jónsson í Mörkum 13 ára — 20 —
3. Klaus Hansen (13 ára) — 20 —
4. Valgerdur Jóhannsdóttir (14 ára) — 20 —
5. Jóhannes Kristinnsson (14 ára) — 20 —

Flyt 100

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 100 kr. |
| 6. | Susanne Guðríður Hansen | 12 ára | 20 — |
| 7. | ~~Einar Jónsson (eldri)~~ | 12 ára. | 20 — |
| 8. | Björn Jónsson í Stöðlakoti | 12 — | 20 — |
| 9. | Ásgeir Ámundsson Seli | 13 — | 20 — |
| 10. | Guðmundur Kristinn Jónsson Mala | 12 — | 20 — |
| 11. | Ragnheiður Jónsdóttir | 12 — | 20 — |
| 12 | Einar Valdimar Jónsson (yngra) | 11 — | 20 — |
| 13. | ~~Ingigerður Sigurðardóttir~~ | 11 — | 20 — |
| 14. | Kjartan Gunnlaugsson | 12 | 20 — |
| 15. | Björg Vilborg Jóhannesd. Zoëga | 11 — | 20 — |
| 16. | Sigríður Bergþórsdóttir | 13 — | 20 |
| 17. | ~~Sigríður~~ Rannveig Oddsdóttir | 13 — | 20 — |
| 18. | Ásgeir Egilsson | 12 — | 20 — |
| 19. | Guðrún Sigríður Hafliðadóttir | 12 — | 20 — |
| 20. | Guðrún Jóhannesdóttir | 12 — | 20 — |
| 21. | Magnús Vigfús Magnússon | 10 — | 20 — |
| 22. | Sigríður Ágústa Einarsdóttir | 10 — | 20 — |
| 23. | Jón Eiríkur Guðbrandsson | 11 — | 20 — |
| 24. | Guðfinna Ólafsdóttir Bakka | 12 — | 20 — |
| 25. | Jón Guðmundsson í Pálshúsum | 13 — | 20 — |
| 26. | Sigurður Guðmundsson | 12 — | 20 — |
| 27. | Jón Hermannsson í Brekku | 12 — | 20 — |
| 28. | Hansína Þórðardóttir | 11 — | 20 — |
| 29. | Björg Þórðardóttir Zoëga | 11 — | 20 — |
| 30. | Davíð Guðmundsson í Gunnarsholti | 11 — | 20 — |
| 31. | Magnús Jónsson í Mörkum | 12 — | 20 — |
| 32. | Pjetur Jónsson í Hala | 10 — | 20 — |
| 33. | Guðmundur Þórðarson | 9 — | 20 — |
| 34. | ~~Marg.~~ Davíð Hafur Ólafsson | 11 — | 20 — |
| 35. | Gróa Bjarnadóttir | 11 — | 20 |
| 36. | Ingibjörg Stefanía Sigurðardóttir | 12 — | 20 |
| | Flutt | | 720 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt — 720 kr.

37. Guðmundur Jóhannesson í Móakot — 12 ára — 20 —
38. Jóhanna Bertelsen (ekta barn) — 11 " — 20
39. Guðrún Jónsdóttir (yngra Einars — 9 — 20 —
40. Kristín Jónsdóttir Þórðarsonar — 10 — 20 —
41. Lydia Angelika Magnúsdóttir — 4 — 20 —

Samtals — 800 —

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. Jóhann Þorkelsson. W. Fridriksson.
Ólafur Ólafsson. G. Þórðarson. A. Asmundsson.
Guðmundur Þorkelsson

Ár 1896, fimmtudaginn 24. dag septembermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaðurinn skýrði frá, að kona sjera Jóhannesar L. Jóhannssonar á Kvennabrekku væri send hingað; og væri hún skilin við mann sinn samkvæmt leyfis brjefi landshöfðingja sökum geðveiki; var hún talin að eiga hjer sveit, sökum þess, að maður hennar sjera Jóhannes hefði unnið sjer hjer sveit, frá 1887 - 1888. Konan heitir Steinunn Jakobsdóttir. Ákveðið var, að reyna að koma konu þessari fyrir fyrst um sinn, hjer í bænum, unz aðrar ráðstafanir yrðu gjörðar henni viðvíkjandi.
2. Sigríður Ásmundsdóttir biður um aukna meðgjöf með Kristrúnu Ásmundsdóttir systur sinni, eða 20 kr. um mánuðinn, ella yrði nefndin að koma henni fyrir. Ákveðið var að reyna að semja við Sigríði um meðgjöfina.
3. Sveinbjörn Sveinsson í Sveinskoti á Álptanesi biður um þurrabúðarmennskuleyfi hjer í bænum frá næstkomandi vordögum, 1897. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. Ólafur Ólafsson. G. Þórðarson
Gunnl. Pjetursson. Guðmundur Þorkelsson

Ár 1896, fimmtudaginn 8. dag októbermánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Lagði formaður fram, tilboð frá Ó. Ámundasyni að selja fátækranefndinni ýmsar vörur með lækkuðu verði næsta

vetur, og var boðið samþykkt, þó þannig að farið skyldi fram á, að rúgbrauðin yrðu seld með vægara verði, en hann hefði boðist til að selja þau.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~[illegible]~~ Friðriksson. Ólafur Ólafsson G. Þórðarson
Gunnl. Pjetursson Jón Thorsteinsson

Ár 1896, fimmtudaginn 22. dag septembermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Þórður Stefánsson biður um styrk til viðgjörðar á bæ sínum, þar sem hann annars verði að selja hann. Nefndin kvaðst eigi vilja styrkja hann til viðgjörðarinnar; en taldi það óráðlegt, að hann seldi hann að svo stöddu.
2. Þorkell Eiríksson segir óbúandi í bæ þeim, sem hann nú býr í, og biður að sjá um, að eigandinn gjöri við hann. Nefndin ákvað, að borga eigi húsaleiguna framvegis, nema eigandinn, Jón Torfason, gjörði við hann svo bærinn yrði leigufær; annars gjörði nefndin það á hans kostnað.
3. Pjetur Ásmundsson biður um 3 kr. húsaleigustyrk mánaðarlega frá byrjun septembermánaðar til Gunnars Björnssonar. Ákveðið að hjálpa honum um 2 kr. mánaðarlega frá 1. d. októbermánaðar.
4. Jóhannes Sigurðsson biður um meðgjöf með Egli Jóni syni Jónasar Rósinkranssonar framvegis. Ákveðið að greiða meðlagið, en ganga eptir því hjá föðurnum.
5. ~~Jóhannes~~ Lárus Pálsson býðst til, að reyna til að lækna Ragnhildi Hjálmarsdóttur, með því að koma hingað og vera yfir henni í 14 daga, en annars taka hana gegn sömu borgun, og með henni er greitt nú. Ákveðið, að senda hana suður sem allra fyrst, landveg.
6. ~~Brynjólfur Eiríksson~~ Jón Jörundsson hefir haldið í sumar 2 börn Einars Ólafssonar, og hafði fátækrastjórn lofað að borga fyrir annað þeirra. En málinu frestað að öðru leyti til næsta fundar.
7. Reikningur frá J. Hjaltested fyrir Steinunni Jakobsdóttur í 15 daga, samtals 22 kr. 50 a, var samþykktur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Sigurður Jónsson biður um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum. Honum var synjað beiðninnar, með því að hann væri bláfátækur.

9. Sveinn á Seli afsagði Jón Jónsson (skanka); en Guðmundi Þorkelssyni var falið að ráðstafa honum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~H~~ Fr. Friðriksson. Ólafur Ólafsson. G. Þórðarson
Á. Ámundason. Guðm. Guðmundsson
Guðmundur Þorkelsson. Lárus Thorstensson
Ólafur Björnsson

Ár 1896, fimmtudaginn 12. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin í Reykjavík fund með sjer.

1. Gísli Kristjánsson biður um húsaleigu 36 kr. fyrir þ. ár og 80 kr. til lífsbjargar. Nefndin ákvað, að borga húsaleiguna fyrir hann frá 1. þ. m., og hjálpa honum framvegis eptir þörfum.

2. Guðrún Jónsdóttir afsegir Didriku Hölter, nema hún fái 9 kr. um mánuðinn. Málinu frestað til að fá nánari skýrslu.

3. Sigurður Þórðarson tilkynnir nefndinni, að hann geti eigi haldið Guðrúnu Helgadóttur framvegis fyrir ~~minna~~ en 7 kr. um mánuðinn, og meðal, sem hún þyrfti. Nefndin samþykkti það.

4. Jón Jónsson í Vestur-Saltvík á Kjalarnesi heimtar 7–8 kr. um mánuðinn fyrir Jón Jósefsson. Nefndin samþykkti, að gjalda eigi meira en 6 kr. um mánuðinn í hæsta lagi.

5. Landshöfðingi óskar skýrslu um holdsveika menn hjer í Reykjavík fyrir marzmánuð næsta ár.

6. Hjörtur Jónsson á Reynimel heimtar sönnunar fyrir saltfiski, sem Sigurður ~~Björnsson~~ Bjarnason hafi ~~lofað~~ átt að leggja inn í reikning hans; annars geti hann eigi borgað þær 75 kr., sem ~~Hjörtur~~ á að ~~Sæ~~ gjalda Sigurði, samkvæmt gjörð 17. febr. þ. á. Nefndin vísaði því máli frá sjer sem sjer óviðkomandi, og vildi ekkert blanda sig við það.

7. Ólafur Björnsson hafði beiðst lausnar sem ~~fulltrúi~~ fátækrastjóri. Nefndin vildi mæla með beiðni Ólafs, en stakk upp á, að kjósa Gísla Jónsson í Nýlendu í hans stað.

8. Guðjón Einarsson á Háholti á Álptanesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu krossmessu. Leyfið var honum veitt.

9. Magnús Þorsteinsson í Halakoti á Álptanesi biður ~~um~~ um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Sigurður Jónsson, sem nefndin hafði synjað um tómthús-mennskuleyfi hjer í bænum (sjá síðasta fund), biður að 2 menn verði sendir heim til hans, til að skoða eigur hans. Til þess voru kvaddir Steindór Jónsson og Guðmundur Guðmundsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Á. Friðriksson Ólafur Ólafsson G. Þórðarson
Gunnl. Pjetursson Á. Ámundarson Guðmundur Þorkelsson

Ár 1896, fimmtudaginn 26. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Málfríður Þorláksdóttir beiddist meðgjafar með dótturbarni sínu að hluta föðursins, Ólafs Jónssonar, með því að hann treystist eigi að greiða neina meðgjöf með þessu barni sínu. Málinu frestað, og Gunnlaugi Pjeturssyni falið að tala við Ólaf um þetta mál.
2. Marteinn Finnbogason í Traðarkoti biður, að fátækrasjóðurinn borgi fyrir sig afborgun og vexti til landsbankans. Nefndin gekk að því, með því að fátækrasjóðurinn fengi veð í bænum næst eptir landsbankanum með uppfærslurjetti.
3. Benidikt Ásgrímsson biður um styrk úr fátækrasjóði, og húsnæði hjer í bænum. Ákveðið var að hjálpa honum með einhverja björg eptir þörfum, en nefndin neitaði, að útvega honum húsnæði hjer í bænum.
4. Sigríður Hjálmarsdóttir biður um styrk sökum heilsulasleika. Ákveðið, að hjálpa henni eptir þörfum.
5. Jón Eyjólfsson frá Háteig á Akranesi biður um tómthús-mennskuleyfi hjer í bænum. Beiðninni synjað eins og hún liggur fyrir, með því að maðurinn væri alveg efnalaus eptir brjefi hans.
6. Guðmundur Halldórsson á Breiðholti biður um tómthús-mennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
7. Benidikt Daníelsson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var synjað um tómthúsmennskuleyfi sökum fátæktar og ómegðar.
8. Sigurði Jónssyni (sjá næsta fund á undan) var synjað um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum sökum fátæktar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Á. Friðriksson Ólafur Ólafsson G. Þórðarson Á. Ámundarson
Gísli Jónsson Guðm. Guðmundsson Gunnl. Pjetursson Steindór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1896, fimmtudaginn 10. dag desembermánaðar, átti fátækranefnd
Reykjavíkur fund með sjer.
1. Jóhann Árnason biður um húsaleigu til næsta vors, 2 kr. um
mánuðinn, eða 11 kr. alls, og var það veitt
2. Valgerður Jónsdóttir í Saltvík vill fá 2½ kr. um vikuna
fyrir Jón Jósepsson. Ákveðið var, að skrifa Valgerði aptur, að
hún fengi 5 kr. um mánuðinn fyrir þann tíma, sem Jón
hefði verið hjá henni; en nú skyldi hann koma, þegar hann
vildi; en Valgerður fengi eigi meira en 5 kr um mánuðinn
eins og um hefði verið samið.
3. Oddur Halldórsson í Hallskoti biður um borgun fyrir
~~borgun~~ börn Tómasar Sigurðssonar, þá sem hann á að borga
sam kvæmt úrskurði, og s[illegible] Tómas nú skuldar 17 kr.
8 0 a. af, og var það samþykkt, en Guðmundi og Steindóri
falið að semja við Odd um meðgjáfina framvegis.
4. Málfríður Þorláksdóttir (sjá næsta fund á undan) biður um
meðgjöf með dótturbarni sínu. Ákveðið var, að fela Gunnlaugi
að semja við Málfríði, og mætti hann bjóða henni alls
að 4 kr. um mánuðinn til vors.
5. Sigurður Eiríksson biður um sveitarstyrk. Nefndin
ákvað að hjálpa honum eptir þörfum til næsta vors.
6. Reikningur frá Lárusi Ludvigssyni fyrir skó handa
Þorsteini Jónssyni bakara, upp á 10 kr., og var reikn-
ingurinn samþykktur.
7. Þorsteinn Páll Ísaksson á Skógtjörn á Alptanesi
biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í Reykjavík.
Beiðninni var neitað sökum fátæktar.
8. Jón Eyjólfsson á Háteig á Akranesi (sjá næsta fund
á undan) ítrekar bæn sína um tómthúsmennskuleyfi hjer
í bænum. Honum var neitað
9. Sveinn Guðm. Eyjólfsson biður um tómthúsmennsku
leyfi hjer í bænum. Ákveðið, að heimta nákvæmari
skýrslu um eignir hans.
10. Stefán Jóhannsson í Narfakoti biður um leyfi
til tómthúsmennsku hjer í bænum. Vantar skýrslu
um, hverjar eignirnar eru.
11. Amtmaðurinn biður um umsögn fátækranefndar-
innar um synjun hennar um tómthúsmennsku
leyfi handa Sigurði Jónssyni (sjá fund 12. f. m.)
Nefndin gat eigi vikið frá sinni fyrri skoðun.
Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. [illegible] Friðriksson. Ólafur Ólafsson Gestsdóttir Gunnl. Pjetursson
[illegible] Jónsson Á. Ámundason Guðm. Guðmundsson Steindór J. Jónsson
Jón Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1897, 14. dag januarmánaðar, fimmtudaginn átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer, og var þá fyrst tekið fyrir, að kveða á um meðlag með ómögum og styrk til þurfamanna.

## A. sveitarómagar.

| Tala | Nöfn ómaganna | Aldur | Nöfn húsbænda | meðlag kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Ingibjörg Guðmundsdóttir | 75 | Ólafur Sveinsson | 288 |
| 2 | Helga Emilía Hölter | 10 | Jón Halldórsson | 60 |
| 3. | Ásdís Daðadóttir | 84 | Rögnvaldur Teitsson | 120 |
| 4. | Guðrún Guðmundsdóttir | 12 | Helga Hjartardóttir | 80 |
| 5. | Kristrún Ásmundsdóttir d. 7/6 | 69 | Sigríður Ásmundsdóttir | 216 |
| 6. | Guðmundur Guðrúnarson (til 30. júní) | 14 | Magnús í Laxnesi | 40 |
| 7. | Sigríður Jónsdóttir | 64 | Helgi Teitsson | 120 |
| 8. | Jónína Guðrún Jónsdóttir (til 30/6) | 14 | Fríðsemd Aradóttir | 40 |
| 9. | Friðrik Guðmundsson | 13 | Ragnhildur Þorláksdóttir | 80 |
| 10. | Magnús Magnússon | 13 | Guðlaug Oddsdóttir | 80 |
| 11. | Kristjana Jóhannesdóttir | 12 | Rannveig Gísladóttir | 80 |
| 12. | Sigþrúður Guðmundsdóttir | 13 | Bjarni Bjarnason | 80. |
| 13. | Magnús Magnússon d. | 82 | Guðlaug Oddsdóttir | 120 |
| 14. | Jón Kristjánsson | 13 | Guðrún Steinsdóttir | 80 |
| 15. | Guðmundur Guðmundsson | 10 | Einar Arason | 80 |
| 16. | Ingiríður Einarsdóttir | 69 | Eyvindur Eyvindsson | 60 |
| 17. | Steinþóra Þorsteinsdóttir | 13 | Soffía Magnúsdóttir | 30 |
| 14. | Jón Jóhannsson | 72 | Magnús Stephensen | 50 |
| 15 | Jódís Tómasdóttir | 11 | Sigrún Guðlaugsdóttir | 60 |
| 16 | Jón Jónsson | | Jón á Skólgjörðum | 36. |
| 17 | Guðmundína Oddsdóttir NB | 10. | Hermann Guðmundsson | 80 |
| 18. | Jóhanna Guðmundsdóttir NB | 60 | Björn Sveinsson | 50 |
| 19 | Lyður Magnússon | 80 | Guðlaug Oddsdóttir | 60 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Nafn ómaganna | Aldur | Nafn húsbænda | Meðlag Kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Kr. |
| 20 | Pjetur Friðriksson | 15 | Henrik Gíslason | 80. |
| 21. | Guðrún Friðriksdóttir | 13 | Þórður Markússon | 80 |
| 22 | Sigurjón Guðmundsson | 9 | Snorri á Bjólfsstöðum | 80 |
| 23 | Ágúst Guðmundsson | 44 | Ásmundur Sigurðsson | (11) 16.25 |
| 24 | Elías Guðmundsson | 10 | Jón Björnsson | 80 |
| 25 | Erlendur Valdemar Ottesen | 9. | Erlendur Hannesson | 30 |
| 26 | Málfríður Bjarnadóttir | 12 | Guðrún Gunnlaugsdóttir | 80 |
| 27 | Guðrún Helgadóttir do | 76 | Sigurður Þórðarson | 84 |
| 28 | Guðm Hansson | 7 | Margrjet Ásmundsdóttir | 80 |
| 29 | Rannveig Sigurðardóttir | 8 | Jónas Sigurðsson | 60 |
| 30 | Sigurður Sigurðsson | 6 | Þórarinn Arnórsson | 80 |
| 31 | Didrika Hölter til 1/5 | 45 | Filippus Filippusson | 36 |
| 32 | Sigríður Magnúsdóttir | 64 | Helgi Runólfsson | 40 |
| 33 | Salgerður Gróa Guðmundsdóttir | 9 | Jóhannes Oddsson | 30 |
| 34 | Jóhanna Friðrika Kristjánsdóttir | 4 | Sveinbjörn Álbjörnsson | 80 |
| 35 | Jón Þorsteinsson | 11 | Björn Jónsson | 80 |
| 36 | Sigurður Vilberg Sigurðsson | 4 | Guðm. Guðmundsson Melshús | 80 |
| 37 | Erika Guðrún Þorkelsdóttir | 9 | Guðmundur Þorkelsson | 80 |
| 38 | Björg Sigurðardóttir | 11 | Þórður Laëga | 80 |
| 39 | Ágústa Þorsteinsdóttir | 12 | Guðm. Sveinsson | 80 |
| 40 | Geir Konráðsson | 11 | Jarðþrúður Pjetursdóttir | 80 |
| 41 | Þorsteinn Lárus Einarsson | 4 | Jóhann Guðmundsson | 80 |
| 42 | Ólavía Sigríður Einarsdóttir | 6 | Einar Ingimundarson | 80 |
| 43 | Jón Rasant Jónsson | 9 | Garðahreppur | 30 |
| 44 | Andarlína Lambertsen | 20 | Þorkell prestur Bjarnason | 22.50 |
| 45 | Helga Guðmundsdóttir | 4 | Bjarni Sigurðsson | 80 |
| ~~46~~ | ~~Sigurrós Guðmundsdóttir~~ | ~~37~~ | ~~Jón Thorsteinsson~~ | ~~48~~ |
| 47 | Guðrún Andrjesdóttir | 4 | Sigurlaug Finnsdóttir | 80 |
| 48 | Helga Henrietta Magnúsdóttir | 4 | Árni Árnason Mellu | 80 |
| 49 | Guðbjörn Hansson | 7 | Reykholtsdalshreppur | 35 |
| 50 | Lárus Hansson | 7 | | 35 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Nöfn ómaganna | Aldur | Nöfn húsbænda | Með-lag Kr. |
|---|---|---|---|---|
| 51 | Majendína Kristjánsdóttir | 6 | Gissur Guðmundsson | 48 |
| 52 | Þorvarður Erlendsson | 64 | Jóhanna Magnúsdóttir | 120 |
| 53 | Jens Þórðarson | 55 | Magnús Magnússon | 96 |
| 54 | Ida Jespersen | 11 | Guðrún Jóhannesdóttir | 60 |
| 55 | Halnfríður Þórðardóttir | 3 | Sigurður Jónsson Kastlínum | 80 |
| 56 | Karl Kristján Nielsen | 2 | Marteinn Finnbogason | 40 |
| 57 | Víglundur Víglundsson | 3 | Tómas Magnússon | 80 |
| 58 | Þorgrímur Hermannsson | 6 | Eyjólfur Magnússon | 80 |
| 59 | Þóra Nielsdóttir | 12 | Páll Gíslason | 70 |
| 60 | Ragnhildur Hjálmarsdóttir | 33 | Oddur Halldórsson | 208 |
| 61 | Jósefína Jósefsdóttir | | Jósef Oddsson | 25 |
| 62 | Kristján Kristjánsson dó | 80 | Vilborg Jónsdóttir | 148 |
| 63 | Egill Jónsson | 7 | Jóhannes Sigurðsson | 80 |
| 64. | Oddur Siggeirsson til 14/5-98. | 16 | Halldór Sigurðsson | 10 |
| 65. | Haraldur Sigurlinnason | 2 | Jón Jónsson Bala | 80 |
| 66 | Elísabet Jónsdóttir Eggertsdóttir | 10 | Sigurður Friðriksson | 80 |
| 67 | Ingimar Finnbogi Jónsson | 2 | Gísli Þorkelsson | 80 |
| 68 | Guðný Árnadóttir | | Salgerður Magnúsdóttir | 84 |
| 69 | Kristinn Wiium Halldórsson | | Þórhalli Þórhallsson | 60 |
| 70 | Karl Bjarnason | | Guðmundur Eyjólfsson | 80 |
| 71 | Jón Jónsson } frá Blöndalsleiði | 10 | Þorkell prestur Bjarnason | 80 |
| 72 | Jón Kristján Jónsson } | 9 | Þórður Elíasson | 80 |
| 73 | Guðrún Gísladóttir } frá | 6 | Ólafur Ólafsson á Þúfu í Kjós | 80 |
| 74 | Málfríður Helga Gísladóttir } Brekkuhalli | 2 | Þorkell Helgason | 80 |
| 75 | Guðmundur Jónsson (frá Hliði) | | Sveinn Sveinsson | 120 |
| 76 | Haraldur Rasmussen | 1 | Eyjólfur Bjarnason | 80 |
| 77 | Börn Tómasar Sigurðssonar 2. | | Margrjet Oddsdóttir | 70 |

B. Þurfamenn.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Kristján Hróbjartsson | 96 | 6. Þóra Gísladóttir | 120 |
| 2. Eggrún Eggertsdóttir | 48 | 7. Tálína Oddsdóttir | 48. |
| 3. Sigríður Auðunsdóttir | 108 | 8. Rannveig Þorsteinsdóttir | 60. |
| 4. ~~Ragnh.~~ Kristiana Þorkelsdóttir | 60 | 9. Guðrún Sigurðardóttir | 96 |
| 5. Vilborg Pjetursdóttir | 144 | 10. Guðm. Erlendsson | 120. |
| | 456 | | 900 |

11. Sigurbjörg Sigurðardóttir — 60 kr.
12. Þóroddur Bjarnason — 192
13. Vilborg Sigurðardóttir — 48.
14. Guðfinna Pálsdóttir — 80—
15. Þordís Þórólfsdóttir — 80—
16. Jón Jónsson (faðir J. E.) — 120—
17. Guðríður Einarsdóttir — 120—
18. Sigríður Jónsdóttir frá N. Z. — 54—

1654

## Húsaleiga.

1. Sigurður Eiríksson — 24 kr.
2. Dórothea Jónsdóttir — 24—
3. Pjetur Grímsson — 36—
4. Sigurbjörg Sigurðardóttir — 30—
5. Marta Markúsdóttir — 24—
6. Katrín Árnadóttir — 18—
7. Guðrún Sigurðardóttir — 24—
8. Ólafur Jónsson í Miðhúsi — 13.50
9. Þorsteinn Jónsson (bakari) — 36—
10. Sigrún Guðlaugsdóttir — 24—
11. Halldór Þórðarson — 24—
12. Jóhanna Malmkvist dó 21/4 — 24—
13. Þorkell Eiríksson — 24—
14. Magnús Jónsson — 36—

15. Árni Árnason — 36 kr.
16. Guðrún Sigurðardóttir — 24—
17. Halldóra Jónsdóttir — 24—
18. Vilborg Pjetursdóttir — 36—
19. Sigríður Auðunsdóttir — 30.
20. Guðrún Jónsdóttir — 24—
21. Margrjet Guðmundsdóttir — 18—
22. Þordís Þórólfsdóttir — 24—
23. Gísli Kristjánsson — 39—
24. Helga Pálsdóttir — 15—
25. Herdís Guðjónsdóttir — 18—
26. Guðm. Erlendsson — 36
27. Þóroddur Bjarnason — 30
28. Hallfríður Guðbrandsd. — 24—
29. Einar Eyjólfsson — 36—
30. Guðný Jónsdóttir — 18—
31. Ragnheiður Vigfúsdótt. — 24—
32. Sigríður Hjálmarsd. — 18—
33. Sigrún Sigurðard. (til 1/5.) — 9—

II. Jón í Bakkabæ Guðmundsson biður um styrk til húsgjörðar. Gísla Jónssyni og Gunnlaugi Pjeturssyni var falið á hendur að kynna sjer ástæður Jóns, og málinu frestað að öðru leyti.

III. Ólafur Björnsson vill fá 4 kr. um mánuðinn frá 14/5 fyrir Árna Árnason. Málinu frestað fyrst um sinn.

IV. Henrik Gíslason vill fá 104 (2 kr. um vikuna) fyrir Pjetur Friðriksson, frá 14/5 – 98. Guðm. Þorkelsson skyldi reyna að koma ~~konum~~ drengnum fyrir uppi í sveit.

V. Guðmundur Jóhannesson (formaður) biður um 100 kr. lán til að kaupa fyrir sexært skip, sem hann ætlar að borga aptur næsta sumar, og biður um ábyrgð fátækranefndarinnar. Samþykkt, að ~~taka~~ leyfa honum að taka lánið upp á ábyrgð nefndarinnar, gegn því að hann borgi lánið aptur í sumar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Guðrún Finnbogadóttir biður um giftingaleyfi, og var það leyft.

VII. Tómthúsmennskuleyfis-beiðnir voru, sem fyrir.
1. Þorsteinn Jónsson í Keflavík. Leyfið var veitt.
2. Guðmundur Sigurðsson frá Bartakoti í Selvogi. Leyfið var veitt.
3. Sveinn Grímsson frá Landakoti á Álptanesi. Leyfið var veitt.
4. Jón Tómasson frá Velli í Hvolhrepp. Leyfið var veitt.
5. Þórður Erlendsson frá Möðruhúsum á Álptanesi. ~~Stefán~~ Málinu frestað.
6. Jón Felixson í Keflavík. ~~beiðni~~ Leyfið var veitt.
7. Magnús Jónsson í Sveinskoti á Álptanesi. Beiðninni neitað sökum fátæktar.
8. Magnús Guðnason í Keflavík. Leyfið var veitt.
9. Eyjólfur Ísaksson. Heimta ~~af~~ upplýsingar.
10. Þorsteinn Ísaksson, bóndi á Króki á Álptanesi. Vantar upplýsingar um efnahag.
11. Jón Hafliðason á Birnustöðum á Skeiðum. Betri upplýsingar þurfa. Gísli útvegar upplýsingar.
12. Helgi Árnason á Eiði. Beiðnini neitað sökum fátæktar og fleira.
13. Helgi Jónsson (sjá næsta fund á undan). Leyfið veitt.
14. Árni Halldórsson á Móakoti í Garðahrepp. Heimta skýrslur í hverju eigur hans eru fólgnar.
15. Sigurður Ólafsson á Klausturhólum (sjá fund 9. des. f. á.) Leyfið var veitt.

VIII. Magnús Magnússon á Ofanleyti var kosinn fátækrastjóri í stað Sigurðar Þórðarsonar, sem bæði er heilsulaus og hefur aldrei komið á fund, og skyldi leita samþykktar bæjarstjórnarinnar á þessari kosningu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~H~~ H. Fredriksson. Olafur Olafsson
Gunnl. Pjetursson Gísli Jónsson Arni Arnundarson Guðm. Guðmundsson
Guðmundur Þorkelsson Ponthorsteinsson

Ár 1888, fimmtudaginn 27. januarm., átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Sveinn í Sauðagerði Bjarnason biður um að mega halda meðlagi með Þorleifi Bjarnasyni, ~~út~~ sem dó snemma í þessum mánuði. Þorleifur dó um 10. þ. m., og var það veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. ~~Amtmaðurinn~~ Bæjarfógeti á Ísafirði tilkynnir, að Grímur Ólafsson hafi þurft og þegið sveitarstyrk á Ísafirði, 104 kr. á 2 mánuðum. Fátækranefndin viðurkennir sveitfesti hans hjer.
3. Jóni Þorsteinssyni var falið á hendur að ráðstafa Ragnheiði Guðmundsdóttur og barni hennar fyrir sem ódýrast hann gæti.
4. Gunnl. Péturssyni og Gísla Jónssyni var falið á hendur að hafa eptirlit með hvergjörð Jóns Guðmundssonar á Bakkabæ, að húsið yrði við hans hæfi, og það sem hann ætti, yrði varið til hússins.
5. Sigurður Gíslason á Álptanesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en með að engin skýrsla fylgdi um efnahag hans og ástæður, var málinu frestað til betri skýrslu.
6. Sigurður Ólafsson á Stað í Grindavík biður um sama. Beiðninni synjað sökum ómegðar og rangrar skýrslu.
7. Sigurður Benidiktsson í Skildinganesi biður einnig um hið sama. Leyfið veitt.
8. Einar Jónsson á Eyvindarstaðakoti á Álptanesi biður einnig um hið sama. Beiðninni synjað sökum skýrsluleysis.
9. Guðni Egilsson biður um hið sama. Leyfið var veitt.
10. Björn Guðnason á Hólmabúð í Vogum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Beiðninni synjað sökum fátæktar og fátæktar.
11. Ólafur Bjarnason á Minna-Mosfelli biður einnig um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
12. Árni Halldórsson (sjá næsta fund á undan) skýrir frá fjárhag sínum. Leyfið veitt.
13. Eyjólfur Ísaksson skýrir frá ~~efn~~ fjárhag sínum. Honum neitað sökum fátæktar.
14. Þorst. Páll Ísaksson skýrir sömuleiðis frá efnahag sínum (sjá næsta fund á undan). Honum neitað sökum fátæktar.
15. Jón Hafliðason (sjá næsta fund á undan). Gísli Jónsson skýrir frá ástæðum hans. Leyfið veitt.
16. Þórði Erlendssyni (sjá næsta fund á næsta fund á undan) var veitt tómthúsmennskuleyfi.
17. Stefán Daníelsson á Kirkjuvogi í Höfnum biður um tómthúsmennskuleyfi. Leyfið var veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Amtmaður biður um umsögn fátækranefndarinnar um kæru Magnúsar Jónssonar yfir neitun hennar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Nefndin gat eigi breytt sínum úrskurði, með því að engar þær skýrslur lágu fyrir, sem gáfu tilefni til þess.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~Tr.~~ Tr. Friðriksson. Ólafur Ólafsson
Magnús Benjamínsson Gísli Jónsson Ámundi Ámundason
Guðm. Guðmundsson Guðmundur Þorkelsson ~~Eiríkur Þorsteinsson~~

Ár 1898, fimmtudaginn 10. d. febrúarm., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Bæjarstjórnin í Kaupmannahöfn tilkynnir, að Guðríður (María) Einarsdóttir, dóttir Einars heitins prentara, sje lögð inn á spítalann sökum veikinda, og viðurkenndi nefndin, að hún ætti hjer sveit.

2. Vilborg Sigurðardóttir biður um aukna meðgjöf með Guðbrandi syni sínum úr 40kr. upp í 80kr. Henni voru veittar 20kr. í viðbót, eða alls 60kr. um árið.

3. Ólafur Jónsson í Miðhúsum biður um húsaleigustyrk frá 14. maí næsta vor. Nefndin ákvað að fresta málinu til upplýsinga um ómegð hans.

4. Guðríður Einarsdóttir í Brekkuholti biður um leyfi til að selja kálgarðsstæði, sem manni hennar Gísla Kolbeinssyni hafði verið útmælt fyrir 3 árum. Nefndin ákvað, að aðhafast ekkert um þetta mál að svo stöddu. Ólafi Ólafssyni og Gunnlaugi Péturssyni var falið að skoða bæinn í Brekkuholti, sem fátækranefndin á hálfan, og virða, með því, að bærinn hefði verið falaður.

5. Ari Arason á Klausturhólakoti í Grímsnesi biður um tómthúsmennskuleyfi. Frestað til að fá betri upplýsingar.

6. Guðsteinn Einarsson á Mosfelli í Grímsnesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

7. Þorbjörg Steinsdóttir í ~~Bað~~ Pálshúsum við Reykjavík biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar.

8. Jón Guðmundsson á Bessastöðum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

9. Tómas Gunnarsson á Apavatni biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

10. Magnús Sigurðsson á Skildinganesi biður enn um hið sama. Málinu frestað til næsta fundar, og Ámunda falið að útvega skýrslu um hag hans.

11. Kristinn Guðmundsson frá Miðengi í Grímsnesi biður enn um hið sama. Leyfið veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Guðmundur Hannesson í Keflavík biður einnig um hið sama. Leyfið er veitt.
13. Vilhjálmur Guðmundsson í Knútsborg á Seltjarnarnesi biður einn um tómthúsmennskuleyfi sjer. Leyfið veitt.
14. Einar Jónsson á Eyvindarkoti (sjá næsta fund á undan) sendir skýrslu um efnahag sinn. Beiðninni synjað sökum efnaleysis.
15. Amtmaðurinn sendir oss ~~[illegible]~~ kæru Bjarnar Guðnasonar yfir neitun fátækranefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi, og biður um umsögn nefndarinnar um kæru þessa (sjá næsta fund á undan). Nefndin getur eigi breytt skoðun sinni um fátækt hans, og beitandinn farinn að eldast.
16. Amtmaðurinn tilkynnir, að hann hafi samþykkt neitun nefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi. Sjá fund 13. janúar þ. á.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson ~~H Fridriksson~~. Ólafur Ólafsson Magnús Benjamínsson

Gísli Jónsson Ámundi Ámundason Gunnl Pjetursson

Ár 1895, fimmtudaginn 24. dag febrúarmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Bæjarfógetinn bar fram, að Guðný Árnadóttir hjá Salgerði væri óánægð með veru sína hjá Salgerði. Ákveðið var, að reyna að útvega henni herbergi svo fljótt sem auðið er, gegn borgun úr fátækrasjóði.
2. Eyjólfur Bjarnason biður um þakkun með barni Rasmusens skraddara, sökum veikinda þess, og vera konunni 2 kr. um mánuðinn frá 1. þ. m., meðan barnið væri eins veikt og það er.
3. Amtmaðurinn biður um umsögn fátækranefndarinnar um kvörtun Jóns Hannessonar yfir ~~meðlagskostnaði með tengd~~ neitun hreppsnefndarinnar í Hvalfjarðarstrandarhreppi um meðgjöf með tengdamóður sinni Guðríði Þorsteinsdóttur. Ákveðið að rannsaka málið, og svara amtmanni samkvæmt skýrslum þeim, sem fengjust.
4. Viðvíkjandi beiðni Ólafs Jónssonar í Miðhúsum (sjá næsta fund á undan) um húsaleigustyrk frá 14. maí í vor. Nefndin ákvað, að lofa því, að ábyrgjast helming húsaleigunnar næsta ár, ef engin yrðu önnur úrræði. Gunnlaugur lofaði að tala við fullorðna dóttur hans.
5. Ólafi Björnssyni á Bakka var heitið 4 kr. um mánuðinn frá 14/5 í vor fyrir Árna Árnason.
6. Lárusi Lúðvíkssyni var ávísaður reikningur hans til Tobíasar fyrir leður, hljóðandi upp á 30 kr.
7. Sigurður Jónsson frá Deildarkoti á Álftanesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
8. Gísli Pjetursson á Mótúsum í Leiru biður um hið sama. Málinu frestað til að fá betri skýrslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Eiríkur Sigurðsson frá Tungu í Grafningi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið veitt.

10. Snæbjörn Eysteinsson frá sama bæ biður um hið sama. Leyfið veitt.

11. Gunnlaug Gunnlaugsdóttir hjer í bænum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað.

12. Þorbjörgu Steinsdóttir (sjá næsta fund ~~fyrir~~ áður) var eigi veitt leyfið að sinni, en málinu frestað þangað til í aprílmán., er hún segist fá peninga að norðan.

13. ~~Sigurði~~ Magnúsi Sigurðssyni í Skildinganesi var synjað um bæjarleyfi hjer í bænum sökum fátæktar (sjá næsta fund á undan).

14. Amtmaður tilkynnir, að hann hafi leyft Birni Guðnasyni á Hólmabúð veitt tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum.

15. Amtmaður biður ~~yður~~ um umsögn fátækranefndarinnar um kvörtun Þorsteins Páls Ísakssonar yfir neitun fátækranefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Nefndin gat eigi breytt skoðun sinni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Hr Friðriksson Ólafur Ólafsson Guðm Guðmundsson
Gísli Jónsson Ámundi Ámundason Gunnl Pjetursson
Guðmundur Þorkelsson Tóm Þorsteinsson

Ár 1898, fimmtudaginn 10. dag marzmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Sigurjón Steinþórsson bjóst til að taka og koma fyrir 2 börnum ekkjunnar Guðríðar Einarsdóttur í Brekkuholti fyrir allt að 100 kr., og var það samþykkt.

2. Nefndin samþykkti, að selja Þórði Magnússyni bæ Gísla heitins í Brekkuholti, og gefa honum kaupsamning í vor með því skilyrði, að hann borgaði 50 kr. í vor, og gefi nefndinni 1. veðrjett í allri eigninni, ~~fyrir~~ fyrir eptirstöðvunum. Verðið er ákveðið 400 kr.

3. Björn Jónsson skóari kveðst eigi vilja halda Jón Þorsteinsson lengur, og var ákveðið að koma honum fyrir uppi í sveit, og tók Guðm. Þorkelsson að ~~reyna~~ að koma honum fyrir.

4. Sjera Þorkell á Reynivöllum afsagði að halda lengur Angelínu og Jóni Jónssyni; og var ákveðið að koma þeim fyrir, helst á góðan bæ uppi í sveit.

5. Guðlaug Oddsdóttir biður, að hann fái allt meðlagið með Lýði Magnússyni, framvegis með því að hann fái eigi þann hlutann, sem sonur hans Magnús eigi að borga. Ákveðið var, að veita henni þann.

6. Ólafi Jónssyni var veittur 2 kr. styrkur um mánuðinn til húsaleigu þetta ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Jósef Jónsson á Hrísum í Helgafellssveit biður um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum. Óskað eptir nákvæmari upplýsingum um hann og hans hagi.
8. Þórunn Jónsdóttir á Garðbæ í Vogum, biður sömuleiðis um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
9. Ari Arason á Klausturhólakoti sendir skýrslu um hagi sína. (sjá fund 10. febrúar þ. á.) Leyfið var veitt.
10. Gísla ~~Gíslas~~ Pjeturssyni (sjá næsta fund á undan) var enn frestað.
11. Gunnlaugu Gunnlaugsdóttir (sjá næsta fund á undan) var frestað
12. Þorbjörgu Steinsdóttur (sjá næsta fund á undan) var neitað sökum fátæktar.
13. Amtmaður sendir kærur Einars Jónssonar í Eyvindarkoti og Magnúsar Sigurðssonar á Skildinganesi yfir neitun fátækranefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi, og biður um umsögn nefndarinnar um kærur þessar. Nefndin gat eigi breytt skoðun sinni um þessa menn.
14. Jóhönnu Guðmundsdóttur hefur verið komið fyrir hjá Markúsi Guðmundssyni í Skuld frá 1. þ. m. ~~sem~~ með sama meðlagi sem áður.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson [illegible] Fridriksson. Ólafur Ólafsson G. Guðmundsson
Gísli Jónsson Ámundi Ámundason Guðmundur Þorkelsson

Ár 1898, fimmtudaginn 24. dag marzmán., átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Sigurður Þórðarson í Steinhúsinu skýrir frá, að hann sjái sjer eigi fært að halda Guðrúnu Helgadóttur framvegis fyrir minna en fyrir 10 kr. um mánuðinn frá 1. marz, og var það veitt.
2. Guðjón Oddsson á Króki á Kjalarnesi biður um skólagjald fyrir Harald Bergþór Jóhannesson, og var það veitt.
3. Sigríður Hjálmarsdóttir biður um húsaleigustyrk, 2 kr. um mánuðinn frá næstu krossmessu, og var það veitt.
4. Ólafur Ólafsson gat þess, að Ámundur Sigurðsson vildi halda drenginn Ágúst Guðmundsson framvegis fyrir ekkert, og fjelli þó öll meðgjöf með drengnum burtu frá 14. maí í vor.
5. Jóni Þorsteinssyni (bakara) ~~var komið fyrir~~ var foreldrunum að koma fyrir eða taka til sín frá 14. næsta maímán., meðgjafarlaust.
6. Þorvarð Þorvarðarson [Erlendsson] hafði Sveinn í Bjarnagerði lofað að taka með sama meðgjöf og áður.
7. Eyþór Einarsson á Alptártungu biður um bæjarleyfi hjer í bænum. Leyfið var eigi veitt, sökum fátæktar beiðandans og ókunnugleika nefndarinnar á honum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Jóhann Björnsson á Hafnarfirði biður um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum; en málinu frestað til að fá betri skýrslur um hagi hans.
9. Gísla Péturssyni var frestað (sjá næsta fundi á undan).
10. Gunnlaugu Gunnlaugsdóttur var veitt bæjarleyfi.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson ~~Tr.~~ Tr. Fridriksson. Ólafur Ólafsson
Gísli Jónsson Ámundi Ámundason Guðm Guðmundsson
Magnús Magnússon Guðmundur Þorkelsson Þórh. Þorsteinsson

Ár 1898, 14. dag aprílmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Sigrún Sigurðardóttir biður um 2 kr. húsaleigustyrk um mánuðinn frá 14 degi næsta maímán. Málinu frestað Guðmundur Guðmundsson skyldi fá nánari skýrslu um hana.
2. Jón Hannesson ámyjar beiðni sína um meðgjöf, með tengdamóður sinni. Jón Thorsteinsson skyldi útvega skýrslu um, að hún væri karlæg og örein.
3. Sjera Ólafur í Arnarbæli lofar að taka Jón Jónsson frá Reykjavöllum með vanalegri meðgjöf.
4. Gísla Péturssyni var veitt tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sjá undanfarandi fundi).
5. Gunnlaugi Ólafssyni á Selfossi var eptir beiðni hans veitt tómthúsmennskuleyfi.
6. Jón Tómasson á Eyvindarstöðum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.
7. Jón Þorsteinsson á Heiðabæ í Þingvallasveit biður um tómthúsmennskuleyfi, og var það veitt.
8. Jón Gunnlaugsson, vinnumaður í Gröf í Mosfellssveit biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
9. Steinunn Guðmundsdóttir biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
10. Formaður las upp brjef frá amtmanni, þar sem amtmaður tilkynnir, að hann hafi veitt ~~Jóni~~ Einar~~syni~~ Jónssyni og Magnúsi Sigurðssyni tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum og sömuleiðis Þorsteini Páli Ísakssyni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~Tr.~~ Tr. Fridriksson. Ólafur Ólafsson Guðm Guðmundsson
Ámundi Ámundason Magnús Magnússon
Þórh. Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898, fimmtudaginn 28. dag aprílmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Sigrúnu Sigurðardóttur voru veittar 2 kr húsaleigustyrkur fyrst um sinn frá 14. n. m.
2. Bjarni Kristjánsson hjá Kaupm. Sturlu Jónssyni biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
3. Halldór Högnason frá Skálmholtshrauni biður sömu leiðis um tómthúsmennskuleyfi, og var leyfið veitt.
4. Ásbjörn Sigurðsson á Litla Teig á Akranesi biður um hið sama. Málinu frestað til næsta fundar; þarf að koma skýrsla um efnahag hans.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  HKrFriðriksson  Ólafur Ólafsson  Guðm Guðmundsson

Gísli Jónsson  Ámundi Ámundason  Magnús Magnússon

Ár 1898, fimmtudaginn 12. dag maímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer, og voru þá tekin fyrir þessi mál.

1. Guðrún Jónsdóttir biður um meðlag 80 kr. með Rut Elísabet dóttur sinni og Pjeturs Sigurðssonar. Ákveðið var, að koma barninu fyrir.
2. Hreppsnefndirnar í Ása og Holtahollti biðja um tómthúsmennskuleyfi handa Einari Einarssyni frá Haga. Nefndin neitaði beiðninni, með því að Einar þessi væri á sveitinni.
3. Hinir sömu biðja um tómthúsmennskuleyfi handa Bjarna Símonarsyni í Hallstúni. Nefndin neitaði beiðni þessari sömuleiðis vegna þess að maðurinn væri öreigi.
4. Kristinn Egilsson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var veitt leyfið.
5. Jón Ásmundsson frá Ósi í Skilmannahrepp biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var veitt leyfið.
6. Guðný Jónsdóttir veitingakona á Akranesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Nefndin gat eigi veitt leyfið, með því að beiðandinn er gipt kona.
7. Sveinn Bjarnason í Sandagerði neitar að halda þorvarði Erlendssyni, og var ákveðið að koma honum fyrir,

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  HKrFriðriksson.  Ólafur Ólafsson

Guðm Guðmundsson

Ár 1898, fimmtudaginn 25. dag maímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer, og stýrnaði yfirkennari H. Kr. Friðriksson fundinum í fjærveru bæjarfógeta Halldórs Daníelssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Jóhannes Pjetursson óskar að fátækranefndin gjöri einhverja ráðstöfun fyrir ekkjunni Hólmfríði Pjetursdóttur, sem liggi rúmföstum, hann geti eigi annast. Ákveðið, að koma henni fyrir, á spítalanum, fyrst um sinn, og var Ámunda Ámundasyni falið á hendur að sjá um flutninginn.

2. Ólafur Sigurðsson biður um mánaðarlega hjálp vegna heilsuleysis og fátæktar. Ákveðið að hjálpa honum eptir þörfum.

3. Finnbogi Árnason á Suður-Reykjum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

4. Sigurður Einarsson frá Hömrum í Grímsnesi, nú hjá Birgi Kristjanssyni, biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

5. Þorsteinn Þorgilsson, verzlunarstjóri á Eyrarbakka, biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

6. Jón Grímsson frá Svarthóli í ~~Hraunhreppi~~ Hraunhreppi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Með því að engin skýrsla um fjárhagi hans fylgdi með, og svo lítur út sem hann sje ~~blaf~~ fátækur, getur nefndin eigi veitt honum bæjarleyfi að sinni.

7. Guðrún Guðmundsdóttir, sem hefur verið hjá Helgu ~~Hjartar~~ Hjartardóttur, er komin til Pjeturs Hjaltesteds.

Fundi slitið

~~H~~ H. Friðriksson. Ólafur Ólafsson Gísli Jónsson Guðm Guðmundsson
Ámundi Ámundason Magnús Magnusson
Jón Thorsteinsson

Ár 1898, fimmtudaginn 9. dag júnímánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Sjera Þorkell Bjarnason krefst 20 kr. til Kjósarhrepps, sem þeir hreppur sem dvalarhreppur Tómasar Sigurðssonar hafi goldið Strandarhrepp~~num~~ með barni Tómasar þessa; og var það samþykkt.

2. Þorkell Eiríksson biður, að fátækranefndin vilji ~~til~~ gjöra ráðstöfun til þess, að hann nái bæ Jóns Björnssonar í Sauðagerði. Ákveðið, að grennslast eptir, hver hefði umboð til að selja bæ þennan.

3. Guðrún Steinsdóttir biður um 2 kr. mánaðarlegan styrk til húsaleigu. Henni veittar 2 kr um mánuðinn fyrst um sinn frá 1. degi næsta mánaðar.

4. Sigurður Pjetursson í Skálholti biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum veitt leyfið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~5. Jón Grímsson frá Svarfholti í Hraunhrepp biður um hið sama~~

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. Ólafur Ólafsson
Guðm. Guðmundsson Magnús Magnússon Guðm. Þorkelsson
Jón Þorsteinsson

Ár 1898 fimmtudaginn 23. dag júnímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer. Var þá tekið til umræðu:

1. Sigríður Þórðardóttir biður um meðlag með Solveigu dóttur Benidikts Benidiktsdóttur, 4 ára gamalli, og öðru nýfæddu, sem sami sje faðir að, að því leyti, sem föðurnum eigi að gjalda með þeim börnum. Ákveðið að láta amtmann skera úr, hvern mikið faðirinn ætti að borga með þeim börnum sínum.
2. Emil Petersen á Hlíðarenda biður um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum næsta krossmessu-ár. Honum synjað leyfisins sökum efnaleysis.
3. Magnús Benidiktsson biður um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum. ~~Honum var~~ Málinu frestað til næsta fundar.
4. Þorhildur Pálsdóttir biður um hið sama. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson Magnús Benjamínsson
Gísli Jónsson Magnús Magnússon

Ár 1898, fimmtudaginn 14. dag júlímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Einar Magnússon í Skólabæ skýrir frá, að synir hans, Jón og Guðmundur hefðu reist ~~upp~~ bæ hann í Skólabæ með öllu á þeirra kostnað og beiddist þeir, að bænum mætti skrifa á þeirra nafn. Það var samþykkt með því skilyrði, að þeir keyptu af fátækranefndinni lóð þá, sem bænum heyrði með sanngjörðu verði. Og var þeim Ólafi Ólafssyni og Jóni Þorsteinssyni falið á hendur að mæla og meta lóðina.

~~2. Sigríður Þórðardóttir skýrir frá, að dóttir hans Guðríður Þórðardóttir~~

2. Jón Halldórsson í Káranesi vill fá sama meðlag þetta ár sem áður með Emilíu Helgu dóttur, 60 kr., og var það samþykkt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lárus Lúdvíksson skýrir frá, að Tobías Tobíasson geti eigi borgað hvorki afborgun nje leigur, og fer því þess leit, að fátækranefndin vilji borga hið áfallna, 58 kr., því að annars sjái hann eigi önnur úrræði en að selja húseign hans. Málinu frestað til næsta fundar.

4. Níels Pálsson frá Laxholti í Mýrasýslu biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum; en með því að alls engin skýrsla fylgdi með um fjárhag hans, gat leyfið eigi orðið veitt að þessu sinni.

5. Ögmundur Guðmundsson frá Hrauni í Hraunamannahreppi biður um sama leyfi. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Friðriksson. Ólafur Ólafsson. Þórh. Þorsteinsson.

Ár 1898, fimmtudaginn 28. des. júlímánaðar, átti fátækranefndin reglulegan fund með sjer.

1. Sigurður Benediktsson biður um meðgjöf með barni Páls Þórðar Sigríði, eða fátækranefndina að ráðstafa barninu. Ákveðið, að semja við Sigurð um meðgjöfina framvegis.

2. Jón Jónsson í Melgerði biður um aukinn styrk um 4 kr. mánaðarlega frá næstu mánaðamótum, eða 4 kr. um mánuðinn til 1. d. októbers. næstkomandi. Þetta var samþykkt fyrst um sinn til 1. d. októbers. næstkom.

3. Sigurður Jónsson í Lindarbæ biður um 2 kr. mánaðarlega fyrir Margrjetu Guðmundsdóttur í húsaleigu. Það var samþykkt, svo framarlega sem hún þyrfti.

4. Ákveðið að selja sonum Einars Magnússonar lóðina sem fylgir bæ hans 130 kr., þannig að þeir borgi það á 5 árum eða 26 kr. á ári.

5. Níelsi Pálssyni (sjá næsta fund á undan) veitt bæjarleyfi.

6. Sigríður Einarsdóttir frá Mýrarkoti biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum frá 1. oktob. þ. á. Henni var veitt leyfið.

7. Ingvar Sveinsson frá Elliðakoti biður um tómthúsmannsleyfi í bænum. Honum var synjað um leyfið, unz nánari skýrsla kæmi frá honum um fjárhag hans.

8. Sveinn Ólafsson biður um styrk til að borga ábyrgðarmönnum sínum lán það, sem þeir ábyrgðust fyrir hann í bankanum. Nefndin gat eigi sinnt þessu máli að sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Ólafi Sigurðssyni var veittur 25 Kr. um mánuðinn.
10. Guðmundi Guðmundssyni falið á hendur að koma Kristjáni Kristjánssyni fyrir.
11. Guðmundi Guðmundssyni falið á hendur að koma Sigurbjörgu Sigurðardóttur fyrir með hæfilegri meðgjöf.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson, Th. Friðriksson, Ólafur Ólafsson
Guðm. Guðmundsson, Jón Thorsteinsson

Árið 1898, fimmtudaginn 11. dag ágústmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Jórunn Bjarnadóttir biður um húsaleigustyrk 2 Kr. um mánuðinn frá 1. þ.m. Málinu frestað til að vita, hvort sonur hennar, Þorkell Bergsveinsson, geti eigi hjálpað henni.
2. Framlagður reikningur frá Hallgrími Eiríkssyni fyrir Hermann Guðmundsson, að upphæð 26 Kr. 65 a., og hann samþykktur.
3. Ingvar Sveinsson endurnýjar beiðni sína um sveitarútmenniskuleyfi og sýnir fram á efnahag sinn. Leyfið veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson, Th. Friðriksson. Ólafur Ólafsson Magnús Benjamínsson

Ár 1898, fimmtudaginn 25. dag ágústmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Samin áætlun um tekjur og gjöld fátækrasjóðs Reykjavíkur 1899 og hljóðar hún þannig:

A. Tekjur

| | |
|---|---|
| | 43 Kr. |
| a, Fund af fasteign | 160 " |
| b, — " — lausafje | 300 " |
| c, Sektir og gjafir | 30 " |
| d, Hundaskattur | 700 " |
| e, Endurgoldinn styrkur frá innanbæjarmönnum | 300 " |
| f. Lán endurborgud af öðrum sveitum | |
| | 1533 " |

B. Gjöld

| | |
|---|---|
| a, Til sveitarómaga | 7000 " |
| b. — þurfamanna | 4500 " |
| c, Greftrunarkostnaðar | 150 " |
| d, Lögflutningur þurfamanna | 50 " |
| e, Ýmisleg útgjöld og lyf til fátæklinga | 400 " |
| f. Lán til þurfamanna utansveitar | 300 " |
| Samtals | 12400 " |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Jórunni Bjarnadóttur veittur húsaleigustyrkur, 2 kr. um mánuðinn frá 1. þ. m. (Sjá næsta fund á undan).

3. Eyjólfur Pálsson biður um viðgjörð á bæ sínum. Ólafi Ólafssyni falið á hendur að líta eftir því.

4. Sigurður Jónsson á Deildarkoti tilkynnir, að hann geti eigi notað tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, sem hann hafði fengið.

5. Ásmundur Þórðarson frá Lykkju á Kjalarnesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

6. Kristján Teitsson frá Gerðabakka biður um tómthúsmennskuleyfi. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Þórðarson [?] Ólafur Ólafsson

Guðm. Guðmundsson Gísli Jónsson Jón Thorsteinsson

Ár 1898, fimmtudaginn 8. september átti fátækranefndin fund með sjer:

I. Fyrst var tekið fyrir að gjöra uppástungu um, hverjum fátækum börnum skyldi veita styrk úr Thorkillii sjóði, og voru þau:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Súsanna Guðríður Hansen | 14 ára | 20 kr. |
| 2. | ~~Einar Valdimar~~ Ólafur Jónsson | 12 | 20 |
| × 3. | Ásta Jakobína Gunnlaugsd. | 12 | 20 |
| × 4. | Björg Vilborg Jóhannesd. (Þórsg.) | 13 | 20 |
| 5. | Borghildur Oddsdóttir | 13 | 20 |
| 6. | Magnús Vigfús Magnússon | 12 | 20 |
| 7. | Sigríður Ágústa Einarsd. | 12 | 20 |
| × 8. | Jón Eiríkur Guðbrandsson | 13 | 20 |
| × 9. | Davíð Guðmundsson í Gunnarsh. | 13 | 20 |
| 10. | Pjetur Jónsson, Hala | 12 | 20 |
| 11. | Guðmundur Þórðarson Vg. 10 | 12 | 20 |
| × 12. | Davíð Ólafsson (Jónssonar) | 12 | 20 |
| 13. | Gróa Bjarnadóttir á Hlíð | 13 | 20 |
| 14. | Jóhanna Kr. Bertelsen | 13 | 20 |
| 15. | Jódís Guðrún Ágústa Jónsd. yngra | 12 | 20 |
| 16. | Kristín Jónsdóttir (Þórðars.) | 13 | 20 |
| 17. | Helga Guðmundsd. á Bryggjuh. | 13 | 20 |
| × 18. | Kristín Eiríksdóttir í Eystribæ | 13 | 20 |
| 19. | Guðrún Sigríður Jónsd. Steinsholt | 12 | 20 |
| | | | 380 kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20. | Nicolai Hansen | 12 ára | 20 kr |
| + 21. | Stefania Árnadóttir frá Skúmsstöðum | 11 | 20 |
| + 22. | Haflidína Bergþórsdóttir | 13 | 20 |
| 23. | Valdimar Kristinn Árnason (Eskifj.) | 10 | 20 |
| 24. | Guðrún Guðmundsdóttir í Ósi | 12 | 20 |
| 25. | Anna Guðný Sveinsdóttir | 11 | 20 |
| 26. | Kristín Petrína Bjering | 12 | 20 |
| 27. | Sigurður Jóhannesson (Skálh.) | 9 | 20 |
| 28. | Símon Þórðarson á Hóli | 10 | 20 |
| 29. | Guðmundur Hafliðason | 11 | 20 |
| 30. | Bjarni Jónsson Þórðarsonar (Vígsfirði) | 9 | 20 |
| 31. | Dagbjört Guðnadóttir | 9 | 20 |
| 32. | Þóra Sigríður Jónsd. Hala | 9 | 20 |
| 33. | Eiríkur Jónsson Mörkum | 12 | 20 |
| 34. | Haraldur Jónsson Klöpp | 10 | 20 |
| 35. | Guðlaugur Ólafsson á Bakka | 12 | 20 |
| 36. | Kristinn Árnason við Bakkast. | 10 | 20 |
| 37. | Stefán Pjetursson skóara | 11 | 20 |
| 38. | Katrín Þórarinsdóttir Bakkabúð | 9 | 20 |
| 39. | Karl Ólafsson bæjarfulltr. | 11 | 20 |
| 40. | Jón Jónsson í Oddgeirsbæ | 10 | 20 |
| 41. | Guðríður Guðmundsdóttir Hlíðarh. | 10 | 20 |
| 42. | Ólafur Einarsson Ananaust. | 9 | 20 |
| 43. | Áslaug Ásmundsd. á Seli | 10 | 20 |
| 44 | Jón Hjaltalín Jóhannesar Móakot. | 12 | |
| | | Samtals | 880 kr. |

II. Þorsteinn Þórarson frá Bakkafirði biður um borgarleyfi hjer í bænum. Leyfið veitt.

III. Halldór Bjarnason úr Grímsnesi biður um hið sama. Leyfið var veitt.

IIII. Kristján Ólafsson frá Garði, fyrir sunnan, biður hins sama. Leyfið var veitt.

V. Gunnlaugi Pjeturssyni var falið á hendur að reyna til, að koma Hólmfríði Pjetursdóttur fyrir ókeypis í sveit.

VI. Fátækrafulltrúunum var falið á hendur, að grennslast eptir, hverjir væru utansveitarmenn hjer leyfislaust.

í bænum, og skýra fógetanum frá því.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Ttr. Fridriksson. Ólafur Ólafsson

Magnús Benjamínsson Magnús Magnússon Gunnl. Pjetursson

Ámundi Ámundason Gísli Jónsson Guðm. Guðmundsson

Ár 1898, fimmtudaginn 22. dag septembermánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. G. Finnbogasen skýrir frá, að Jón Guð~~mundsson~~ ~~skýrir frá, að~~ ~~hann~~ skuldi verzluninni 110 kr., en af þessari skuld vilji hann gefa eptir 40 kr., fái hann 40 kr. greiddar goldnar. Málinu frestað til að fá betri skýrslur um skuldir hans.

2. H. Havstein heimtar 268 kr. 20 a. fyrir Grím Ólafsson. Reikningurinn samþykktur, og ákveðið að láta hann vera kyrran fyrir vestan.

3. Friðrik Ólafsson biður um meðgjöf með dóttur sinni Guðríði 18 ára. Málinu frestað.

4. Þorkell Eiríksson biður um styrk til að kaupa bæ Jóns Björnssonar í Sauðagerði. Ákveðið að hjálpa honum til kaupanna.

5. Þórður Stefánsson biður um húsaleigu, 2 kr. um mánuð um Okt. þ. á. – 14. maí 1899. Honum veitt.

6. Benidikt Ásgrímsson biður um 25 kr. lán til kýrkaupa. Honum veitt lánið.

7. Natanael Sigurðsson í Helgadal biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum nú í haust. Leyfið veitt.

8. Guðlaug Jónsdóttir biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Henni neitað um leyfið.

9. Hreppsnefndin í Rosmhvalanesi biður, að Gísli Einarsyni verði leyft, að vera tómthúsmaður ~~tómthúsmennskuleyfi~~ hjer í bænum. Beiðninni neitað.

10. Hallgrímur Sveinbjarnarson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til að fá skýrslur um hagi hans.

11. Sigvaldi Blöndal biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Ttr. Fridriksson. Ólafur Ólafsson

Guðm. Guðmundsson Ámundi Ámundason Gunnl. Pjetursson

Guðmundur Þorkelsson Jón Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur